


ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 3. júlí 2002 • 27. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

## Með eðlislæga útivistar- og ævintýraþörf

**– sjá viðtal í miðopnu við ævintýramanninn Jón Ottó Gunnarsson**






**Hugmyndasamkeppni um framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði**

## Einar og Örn Þór með bestu tillöguna

Einar Ólafsson og Örn Þór Halldórsson áttu bestu tillöguna að mati dómnefndar í hugmyndasamkeppni um framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði, sem kynntar voru í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag.

Alls bárust sjö tillögur og var dómnefnd sammála um að tvær þeirra þættu vænlegastar „þótt engin tillaga skilaði afdráttarlaust fyllnægjandi heildarlaust,“ eins og segir í áliti dómnefndar.

Dómnefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ráðist yrði í kaup á þremur tillögum. Þeir félagar Einar og Örn Þór fengu tvær milljónir króna í verðlaun fyrir tillögu sína. Þá fékk Albína Thordarson 1,5 milljónir króna fyrir tillögu sína. Sjá nánar bls. 3.



*Örn Þór Halldórsson og Einar Ólafsson við verðlaunatillöguna.*



**Nauteyri**

## Félagsheimilið skemmdist í eldi

Félagsheimilið á Nauteyri á Langadalsströnd í Ísafjarðardjúpi skemmdist talsvert í eldi aðfaranótt þriðjudags. Að sögn lögreglunnar á Hólmavík er þak hússins ónýtt.

Útkall barst lögreglu laust fyrir klukkan hálffimm um nóttina og fór slökkviliðið á Hólmavík á staðinn. Slökkvistarfi lauk uppúr klukkan sjö um morguninn. Eldsupptök eru enn ókunn, að sögn lögreglu. Enginn var í húsinu þegar eldurinn kom upp.

**Héraðsdómur**

## Máli vísað frá dómi þrátt fyrir játningu

Ákæru sýslumannsins í Bolungarvík á hendur þremur ungum mönnum fyrir líkamsárás var á mánudag vísað frá dómi. Einnig var bótakröfu þolenda vísað frá dómi.

Mennirnir játuðu allir að hafa ráðist á tvo menn í Bolungarvík í desember í fyrra með þeim afleiðingum að annar þolenda hlaut mar og kúlur í kringum augu, munn og nef og á hægri handlegg, en hinn innvortis blæðingar á hné auk áverka á handlegg og öxl. Aftur á móti láðist ákæruvaldinu að krefjast refsingar í ákæru og er það ófrávíkjanlegt formskilyrði.

Í dómnum segir meðal annars: „Er óhjákvæmilegt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi af þessum sökum, enda þykir ekki verða úr þessum ágalla bætt með framhaldsákæru. Verður bótakröfum jafnframt vísað frá dómi. Rétt er að taka fram að sækjanda var gefinn kostur á því í þinghaldi í dag að tjá sig um hugsanlega frávísun málsins.“

**www.bb.is**



*Holly Hughes við gáminn góða.*

## Myndskreytir gám fyrir ferðamenn

***Bandaríska listakonan Holly Hughes, sem búsett hefur verið á Ísafirði um nokkurt skeið, er þessa stundina að myndskreyta lítinn vörugám við Ísafjarðarhöfn. Í samtali við blaðið sagði Holly að til stæði að láta gáminn standa við Sundahöfn þar sem margir ferðamenn koma í land. Á annarri hlið gámsins er mynd af trölli því er á að hafa myndað Skollahvilft í Erni við Skutulsfjörð. Á myndinni sést hvar ferðalangurinn er staddur og hvar nálgast má frekari upplýsingar um svæðið.***

**Vestfjarðavíkingurinn 2002**

# Magnús Ver sigraði

Magnús Ver Magnússon vann nafnbótina Vestfjarðavíkingurinn eftir spennandi keppni um helgina. Hinn 39 ára gamli Magnús Ver sigraði í öllum greinum mótsins utan bóndagöngu og kasti yfir vegg, en í síðarnefndu greininni setti nafni hans Magnús Magnússon Íslandsmet.

Sá tók þátt í mikilli og spennandi baráttu við Jón Valgeir Willams um annað sætið, en Jón hafði að lokum sigur með minnsta mögulega mun. Vestfjarðavíkingurinn var nú haldinn í tíunda sinn. Kraftakarlar hafa ætíð fengið gott veður vestra og var þar engin breyting á að þessu sinni.



*Guðmundur Otri tekur á í keppninni á laugardag.*

**Aðalmót Sjóstangaveiðisfélags Ísfirðinga**

# Útlit fyrir metþáttöku

Allt útlit er fyrir metþátttöku í aðalmóti Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga sem haldið verður um næstu helgi. Mótið er hluti af Íslandsmeistaramóti í sjóstangveiði og verður keppt bæði í kvenna- og karlaflokki. Einnig verður keppt um tegundaverðlaun. Veitt verða verðlaun þeim sem róa á aflahæsta bátnum.

Á sjöunda tug keppenda víðs vegar að af landinu eru skráðir til leiks og verður róið á átján bátum.

Gert verður út frá Bolungarvík. Veiðimenn láta úr höfn klukkan 06:00 á föstudag og laugardag og verður veitt í 7-8 tíma í senn. Mótið verður sett í samkomuhúsinu Víkurbæ á fimmtudag klukkan 20:30.

**Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða**

# Stofnar styrktarsjóð

Á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem var haldinn nýlega var samþykkt að stofna sérstakan styrktarsjóð í nafni félagsins sem hefur að markmiði að styrkja nemendur sem vinna að masters- eða doktorsverkefnum sem horfa til framþróunar í atvinnu- og byggðamálum Vestfjarða.

Fé til verkefnisins skal koma frá vaxtartekjum af hlutafé félagsins og við úthlutun skal miða upphæð styrkja við ávöxtum hvers árs, en hún hefur verið að meðaltali kr. 500.000 á ári. Sjóðurinn mun meðal annars vera stofnaður til þess að minnast þess að á þessu ári eru fimm ár frá því að regluleg starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins hófst.

Sérstök úthlutunarnefnd verður stofnuð til þess að fara með úthlutun styrkjanna sem mun leita sér álits fagaðila eftir því sem á við. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins munu skipa nefndina ásamt stjórnarformanni Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Í greinargerð sem fylgir með samþykkt Atvinnuþróunarfélagsins segir að ætlun sé að miða úthlutun styrkjanna við ákveðnar faggreinar og eru verk-, tækni-, og viðskiptagreinar nefndar sem dæmi um slíkt. Styrkjum verður úthlutað úr sjóðnum í fyrsta skiptið fyrir lok septembermánaðar þessa árs og verður auglýst eftir umsóknum á næstunni. Í framtíðinni mun síðan styrkveiting fara fram á aðalfundi félagsins ár hvert.

# Hratt flýgur stund

**LEIÐARI**

Sumarsólstöður og vorvertíðarlok eru að baki og Sólmánuður byrjaður; fyrri tíma nafngiftir, sem áður léku á allra vörum en tölvukynslóð 21. aldar eru ekki tungutamar. Jónsmessan lifir þó enn í vitundinni og ef til hundadagarnir, sem óðum nálgast. Forfeðrum okkar þótti afar mikilvægt að þeir byrjuðu vel veðurfarslega enda bændur háðari veðri yfir aðalheyskapartímann fyrr á öldum, en nú til dags.

Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu er lokið. Keppnin sannaði hið fornkveðna, að skammt er milli skins og skúra. Þýska markverðinum, Oliver Kahn, sem öðrum fremur átti heiðurinn af að koma Þjóðverjum í úrslitaleikinn við Samba-strákana frá Brasilíu, urðu á ein mistök og þjóðhetjunnar frá gærdeginum beið aftaka þýsku blaðarisanna. Harður heimur íþrótta þar sem mafíósar, að sögn, berjast um metorð og völd og peningar flæða í stríðari straumi en nokkurt stórfljót státar af í vorleysingum. Hinu ber þó ekki að neita, að fótboltaveisla HM náði til margra þótt misjafnt bæri að og metið væri.

Krossberar þjóðhátíðardagsins vekja ekki lengur eftirtekt, enda almenningur fyrir löngu búinn að fá sig fullsaddan af prjálinu. Tilkoma hinnar nýju stéttar stórmenna, sem fyrir tilstilli ráðherra hafa verið verðlaunaðir með margra milljón króna framlögum af almannafé, fyrir það eitt að hætta í vinnunni, hefur aftur á móti kallað á sterk viðbrögð. Velgjörningar tveggja ráðherra við fyrrum forstjóra Símans og Byggðastofnunar eru öllu venjulegu fólki óskiljanlegir og þykir áreiðanlega engum, utan viðskiptaráðherra sjálfum, stórmannlega að verki staðið. Það virðist heldur betur ábatasamt að vera til vandræða í vinnunni hjá hinu opinbera, svo ekki sé meira sagt.

Lengi getum við á okkur blómum bætt. Enn ein þverpólitísk samtök eru komin á koppinn: Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum. Fylkingunni fríðu mun ætlað að koma í veg fyrir að Íslendingar lendi í klóm „pappírsófreskjunnar“ í Brüssel og að hamla á móti áróðursstríði Evrópusinnanna, sem ætla mætti að væru flestir galnir!? Óneitanlega rifjast upp af þessu tilefni hringlandaháttur ýmsra mætra manna í tengslum við EES-samninginn á sínum tíma, stóru orðin sem þá féllu um „landsölumenn“ og fleira í þeim dúr, þótt margir þeirra haldi nú ekki vatni yfir ágæti EES og vildu flestir þá Lilju kveðið hafa. En auðvitað er ekkert við þessu að segja annað en það, að hverjum og einum er frjálst að hafa sér til dundurs, sem honum þykir við hæfi, meðan frelsi til orðræðu er uppi.

Daginn er tekið að stytta. Reynum að njóta hinna björtu nátta, sem svo margir fara því miður á mis við.

*s.h.*

**Frá útgefendum:**

## Umboðsaðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Sófusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

***Útgefandi:*** H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • ***Netfang prentsmiðju:*** hprent@bb.is • ***Ritstjóri:*** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • ***Ritstjóri netútgáfu:*** Sigurjón J. Sigurðsson • ***Blaðamenn:*** Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, netfang: blm@bb.is • ***Ljósmyndari:*** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • ***Fréttavefur:*** www.bb.is • ***Lausasöluverð*** er kr. 200 eintakið m. vsk. • ***Áskriftarverð*** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Hugmyndasamkeppni um framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði

# Örn Þór Halldórsson og Einar Ólafsson með bestu tillöguna

Dómnefnd í hugmyndasamkeppni um framtíðarhúsnæði Grunnskólans á Ísafirði hefur lokið störfum og voru niðurstöður nefndarinnar kynntar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag. Dómnefndin veitti tillögu númer 6 fyrstu verðlaun að upphæð 2 milljónum króna, en að tillögunni stóðu arkitektarnir Einar Ólafsson og Örn Þór Halldórsson.

Í endanlegu dómnefndaráliti segir um tillöguna: „Tillagan er skýr og góð, bæði hvað varðar innra skipulag, form og áfangaskiptingu. Aðkoma og tenging við Silfurtorg, Aðalstræti og Hæstakaupstað er vel leyst og fellur vel að skipulagi bæjarins. Afmörkun útisvæða, annars vegar Austurvöllur og hins vegar aðalskólalóð, styrkir tillöguna. Höfundar leysa byggingarnar á einfaldan og hagkvæman hátt, um leið og þeir skapa eina sannfærandi heild. Þó mætti styrkja enn frekar götumyndir við Silfurgötu og Brunngötu með t.d. auknum byggingum. Það er ókostur að salur og félagsaðstaða skuli vera staðsett í öðru húsi og slæmt fyrir skólastarfið að sundlaugin hverfi. Tenging við gamla skólahúsið er vel leyst en útlit nýbygginga samræmist ekki nógu vel nánasta umhverfi. Tillagan er auðveld í framkvæmd og vænleg til þróunar. Tillagan er mjög skýr og vel fram sett.“

Alls bárust sjö tillögur og var dómnefnd sammála um að tvær þeirra þættu vænlegastar til frekari útfærslu, „þó engin tillaga skilaði afdráttarlaust fullnægjandi heildarlausn“, eins og segir í dómnefndarálitinu. Í mati sínu leit nefndin aðallega til heildarskipulags á skólasvæði, nýtingar og aðlögunnar að núverandi byggingum og byggðarmynstri, innra skipulags með tilliti til samspils rýma og hvernig tillögur féllu innan ramma húsrýmisáætlunar og innra starfs skólans.

Auk þess að velja bestu tillöguna, veitti dómnefnd tillögu númer fjögur önnur verðlaun að upphæð 1.500.000 króna. Að tillögunni stóð arkitektinn Albína Thordarson. Í umsögn um tillögu númer fjögur segir meðal annars:

„Tillagan byggir á áhugaverðri tilraun til að tengja saman hina ýmsu byggingarhluta um nýjan sal miðsvæðis á lóð og gamla skólahúsinu er gert sérlega hátt undir höfði. Götumyndir Brunngötu og Silfurgötu eru styrktar til muna með nýbyggingum. Tenging við Austurvöll er meðhöndluð á skemmtilegan hátt, en mikil áhersla á aðkomuna frá Aðalstræti og Silfurgötu er á kostnað leiksvæðisins. [...] Nýbyggingar eru stílhreinar og í góðri sátt við umhverfið. Tillagan er athyglisverð og vænleg til þróunar.



*Verðlaunatillaga Arnar Þórs og Einars.*

Dómnefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ráðist skyldi í innkaup á hugmyndum númer tvö, fimm og sjö, en með innkaupunum mun fást einhver réttur til nýtinga á hugmyndum. Hvað gert verður næst í húsnæðismálum Grunnskólans á Ísafirði mun bæjarráð og bæjarstjórn þurfa að ákveða í nánustu framtíð.



*Arkitektarnir Örn Þór Halldórsson og Einar Ólafsson.*

Hafnir Ísafjarðarbæjar

## Nýr yfirmaður tekinn við

Guðmundur M. Kristjánsson, sem ráðinn var yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar í maímánuði, tók formlega við stöðunni á mánudag. Guðmundur er Bolvíkingur að uppruna, en hefur undanfarin ár verið búsettur í Malasíu þar sem hann hefur starfað á vegum Útflutningsráðs Íslands.

„Mér líst vel á starfið og sýnist höfnin hafa verið í góðum höndum undanfarið ár undir stjórn Theodórs Theodórssonar. Ég er þessa stundina að setja mig inn í starfið, sem er heilmikið verk. Aðalatriðið núna er að afla höfninni meiri viðskipta, m.a. með komu skemmtiferðaskipa, og það verður lögð mikil áhersla á það er fram líða stundir,“ sagði Guðmundur í samtali við blaðið.



*Guðmundur M. Kristjánsson, nýr yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar.*

Aðspurður um ástæðu þess að hann ákvað að sækja um stöðu yfirmanns hafna Ísafjarðarbæjar yfir hálfan hnöttinn segir Guðmundur að margt hafi komið til. „Öll þau ár sem ég hef starfað erlendis hef ég alltaf hugsað mér að koma aftur heim. Bróðir minn sendi mér svo tölvupóst þar sem hann sagði mér frá auglýsingu sem hann sá í BB um þessa stöðu og ég ákvað bara að slá til. Það kom svo þægilega á óvart þegar ég hlaut starfið á endanum. Ég er sérlega ánægður að vera sestur í hafnarstjórastólinn og fullur áhuga á því að takast á við ný verkefni,“ sagði Guðmundur M. Kristjánsson.

Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað

## Afmæli Ásgeirsverslunar fagnað með suðrænni sveiflu

Mikið var um dýrðir á vegum Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á föstudag, en þá var þess minnst að 150 ár eru liðin frá því að Ásgeirsverslun hóf þar starfsemi. Saga verslunarinnar, sem var á sínum tíma langöflugasta útgerðar- og verslunarfyrirtæki landsins, er rakin í máli og myndum á yfirgripsmikilli sýningu sem var opnuð í Tjöruhúsinu, en um kvöldið fór þar fram saltfiskveisla mikil afmælisins vegna. Alls sóttu rúmlega 80 manns veisluna. Á henni var boðið upp á sjö ljúffenga saltfiskrétti, sem samanstóðu mestmegnis af sólþurrkuðum saltfisk frá Byggðasafninu.

Undir málsverðinum og að honum loknum léku djassararnir landsþekktu Villi Valli, Tómas R. Einarsson og Páll



Torfi Önundarson suðræna sveiflu fyrir matargesti, sem stóðust ekki mátið og dilluðu sér í takt við tónlistina þó ekki væri um dansleik að ræða. Þá flutti Jóna Símonía Bjarnadóttir fróðegt erindi um Ásgeir Ásgeirsson eldri og margt fleira var gert til skemmtunar í þær rúmlega fjórar klukkustundir sem málsverðurinn stóð. „Þetta gekk glimrandi vel eins og við mátti búast,“ sagði Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, „Það skemmtu sér allir konunglega og nú stefnum við ótrauð að því að gera þetta að árlegum viðburði.“

Sýning Byggðasafns Vestfjarða og Héraðsskjalasafnsins á Ísafirði um sögu Ásgeirsverslunar verður opin í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á reglulegum opnunartíma Byggðasafnsins það sem eftir lifir sumars og fram á haust.

Fleiri myndir frá hátíðinni í Neðstakaupstað eru á svipmyndum á bb.is

# Ferðast og sungið á slóðum V
# lendinga í Bandaríkjunum o

Sunnukórinn á Ísafirði er nýkominn heim úr tveggja vikna ferðlagi þar sem farið var á slóðir Vestur-Íslendinga í Bandaríkjunum og Kananda. Var ferðin sérstaklega farin í þeim tilgangi að heiðra minningu Ragnars H. Ragnar sem um áraraðir var skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar og stjórnandi Sunnukórsins í rúmlega tvo áratugi, en bjó og starfaði þar ytra stóran hluta ævi sinnar. Sem ungur maður flutti hann til Winnipeg í Kanada til að fara í tónlistarnám og var innan fárra ára orðinn píanókennari auk þess sem hann varð eftirsóttur undirleikari og stjórnaði ýmsum kórum. Þarna var hann búsettur í 27 ár og starfaði á þeim tíma aðallega í Manitoba í Kanada og Norður-Dakota í Bandaríkjunum þar sem helstu Íslendingabyggðirnar voru. Árið 1945 giftist hann Sigríði Jónsdóttur og fluttu þau sama ár til Gardar í Norður-Dakota þar sem þau bjuggu til ársins 1948 er þau fluttu heim til Íslands þar sem Ragnar gerðist fyrsti skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar sem þá var nýstofnaður. Bjuggu þau hjónin á Ísafirði allt til ævi-loka en Ragnar lést 23. desember 1987 og Sigríður þann 10. mars 1993.



*Hópurinn fyrir framan samkomuhúsið í Icelandic State Park. Magnús Ólafsson er í fremstu röð á milli hjónanna Karítasar Pálsdóttur og Baldurs Geirmundssonar. Kent Lárus Björnsson, fararstjóri liggur fyrir framan hópinn. Ljósmyndir: Grétar Sigurðsson.*






## Garðveisla í Grænuhlíð

Flogið var til Minneapolis föstudaginn 8. júní og voru í hópnum þrjátíu kórfélagar auk Margrétar Geirsdóttur stjórnanda, Ingunnar Ósk Sturludóttur einsöngvara og undirleikaranna Sigríðar Ragnarsdóttur, Baldurs Geirmundssonar og Samúels Einarssonar. Einnig var með í för fjöldi maka og annarra gesta þannig að í heild taldi hópurinn rúmlega fimmtíu manns. Fararstjóri var Kanadamaðurinn Kent Lárus Björnsson sem er af íslenskum ættum og hefur undanfarið ár dvalið á Íslandi.

Daginn eftir komuna til Minneapolis buðu ræðismannshjónin í Minneapolis, þau Maddý og Örn Arnar, hópnum til garðveislu í sumarhúsi sínu, Grænuhlíð, sem stendur við Minnetonkavatn. Þar voru einnig samankomnir margir Íslendingar sem búsettir eru á þessum slóðum auk kirkjukórs Normandalekirkjunnar sem nokkrum dögum seinna lagði af stað í söngferðalag til Íslands. Að beiðni stjórnanda kirkjukórsins, David Clarke, sungu kórarnir þarna saman tvö lög á íslensku sem fyrirhugað var að kirkjukórinn flytti á tónleikum á Íslandi því eitthvað vantaði upp á að framburðurinn væri réttur og óskaði stjórnandi eftir leiðsögn í þeim efnum. Skemmti fólk sér hið besta við spjall og söng fram undir kvöld í garðveislunni sem fór fram í blíðskaparveðri.

Næsta morgun söng Sunnukórinn við messu í Normandalekirkjunni og seinna um daginn voru haldnir tónleikar á sama stað er tókust í alla staði vel. Aðsókn var ágæt og nokkuð um áheyrendur af íslenskum uppruna, þar á meðal nokkrir aðilar sem þekktu til Ragnars H. Ragnar og höfðu jafnvel verið í píanónámi hjá honum.

## Af víkingum, indíánum og landnemum

Á mánudagsmorgun hélt hópurinn í rútu frá Minneapolis og ók norður Minnesota áleiðis til Kanada. Á leiðinni var komið við í Big Ole sem er byggðasafn í Alexandriu í Minnesota og þar er óneitanlega merkilegasti hluturinn rúnasteinn mikill er bóndi nokkur þar í sveit fann fyrir nokkrum áratugum síðan.



*Hópurinn á tröppum ráðhússins í Winnipeg á 17. júní, rétt áður en hátíðarhöldin við styttu Jóns Sigurðssonar hófust.*

# Vestur-Ís-
# g Kanada




*Sunnukórinn á tröppum First Lutheran Church í Winnipeg eftir að hafa sungið þar nokkra íslenska sálma við messu.*

Búið er að rannsaka stein þennan hátt og lágt og mun þar vera greint frá afdrifum hóps víkinga sem sigldi inn Hudson flóa og upp með Rauðá inn í landið í byrjun 13. aldar. Á safninu eru einnig fleiri minjar um víkinga sem ætti að gleðja Íslendinga sem löngum hafa haldið því fram að Leifur heppni hafi verið í Ameríku löngu á undan Kristófer Kólumbus.

Í Minnesota var einnig komið við í Hjemkomst Center í bænum Moorhead þar sem búið að byggja upp stafkirkju í norskum stíl og víkingaskip í fullri stærð. Þá var ekið til Fargo í Norður-Dakota þar sem snæddur var miðdegisverður og byggðasafnið Bonanzaville skoðað en það samanstendur bæði af hefðbundnu sýningarhúsnæði þar sem ýmiss konar munir tengdir indíánum og landnemum eru til sýnis auk þess sem þar eru mörg gömul hús sem búið er að gera upp í upprunalegri mynd, s.s. verslanir og veitingastaðir, símstöð, íbúðarhús, skóli, járnsmiðja o.s.frv. í sama anda og á Árbæjarsafni í Reykjavík. Um nóttina var gist í Grand Forks en orðið „Forks“ þýðir þar sem ár mætast og kemur nafnið oft fyrir í sögu fyrstu íslensku landnemanna enda voru árnar helsta samgönguleiðin áður en járnbrautarlestir komu í þennan landshluta.

### Á slóðum Ragnars og Sigríðar í Gardar

Að morgni þriðjudagsins var síðan ekið áfram til Cavalier í Norður-Dakota þar sem hópurinn heimsótti fyrstu Vestur-Íslendinganýlenduna. Þar tók Magnus Olafsson á móti hópnum og sá um leiðsögn á svæðinu en hann er mörgum Íslendingum kunnur enda tekið á móti fjölda einstaklinga og hópa frá Íslandi, jafnframt því að vera meðal þeirra sem komið hafa að uppbyggingu Vesturfarasetursins á Hofsósi. Fór Magnus með hópinn í skoðunarferð til Gardar þar sem þau Ragnar H. Ragnar og eiginkona hans Sigríður J. Ragnar voru búsett á árunum 1945 til 1948 og elsta dóttir þeirra, Anna Áslaug, fæddist árið 1946. Þarna mun Ragnar hafa haft nóg að starfa því hann kenndi yfir hundrað nemendum á píanó og stjórnaði fimm kórum.

Snæddur var hádegisverður í kjallara kirkjunnar í Gardar og síðan sungnir nokkrir sálmar og ættjarðarlög í kirkjunni en að því loknu var haldið á Borg Home í Montain sem er dvalarheimili aldraðra. Þar söng kórinn nokkur lög við mikla hrifningu íbúanna sem margir hverjir töluðu ágæta íslensku, jafnvel þótt þeir hefðu aldrei komið til Íslands. Voru þar jafnframt fjölmargir sem höfðu þekkt Ragnar og Sigríði og fannst sérstaklega ánægjulegt að hitta dætur þeirra, þær Sigríði og Önnu Áslaugu. Þá reyndust margir í kórnum eiga þarna ættingja og áttu með þeim ógleymanlega stund þar sem ættir voru raktar og getið helstu frétta af vinum og vandamönnum.



*Magdalena Sigurðardóttir og Halldóra Magnúsdóttir við minnismerki um fyrstu Íslendinganna sem stigu á land við Winnipegvatn þar sem nýja Íslands var svo stofnað.*

### Stoppað á sendinni strönd

Eftir heimsóknina á Borg Home var haldið með Magnusi til Icelandic State Park sem var áður jörð bónda nokkurs af íslenskum ættum en hefur stækkað verulega síðan og er nú þjóðgarður. Þarna er safn til minningar um landnemana sem numu land á svæðinu en yfir tuttugu þjóðarbrot settust þar að auk Íslendinga. Við safnið er einnig kirkja, samkomuhús, skóli og fleiri hús sem mörg hafa verið gerð upp en auk þess er þarna bjálkakofi sem smíðaður er í anda bjálkakofanna sem landnemarnir bjuggu í. Þarna var Magnus Olafsson kvaddur með virktum síðla dags og honum þökkuð frábær leiðsögn enda óhætt að segja að þeir séu vandfundnir sem búa yfir svo yfirgripsmiklum fróðleik sem hann um íslensku Vesturfarana. Hélt hópurinn svo áfram ferð sinni og ók skömmu seinna yfir landamærin til Kanada þaðan sem haldið var til vikudvalar í Winnipeg í Manitobafylki.

Næsti dagur var notaður til að skoða borgina og var hádegisverður snæddur í Royal Crowne Restaurant sem er veitingastaður á efstu hæð háhýsis í miðborginni er snýst líkt og Perlan í Reykjavík. Morguninn eftir var síðan haldið á slóðir Vestur-Íslendinga við Winnipegvatn þar sem komið var við í bænum Selkirk, og síðan stoppað á sendinni strönd vatnsins þar sem heitir Víðirnes en árið 1875 stigur þar á land fyrstu Íslendingarnir síðan byggðu hið Nýja-Ísland. Samt frá er bærinn Gimli þar sem áður fyrr bjuggu nær eingöngu Íslendingar en seinna fluttu þangað önnur þjóðarbrot, einkum fólki frá Úkraínu. Þar er þó enn í dag mikið um fólk af íslenskum ættum og á dvalarheimilinu Betel er hópur eldra fólks sem talar íslensku.

### Stórkostlegar móttökur í Gimli

Í Betel hélt Sunnukórinn stutta tónleika og fékk mjög hlýjar móttökur líkt og á dvalarheimilinu Borg í Mountain. Tóku sumir íbúanna undir í nokkrum lögum og þekktu greinilega nokkur vinsæl þjóðlög eins og t.d. lagið „Á Sprengisandi“ eftir Sigvalda Kaldalóns. Þarna reyndust líka ótrúlega margir úr hópnum eiga ættingja og var því mikið spjallað yfir kaffiveitingunum sem bornar voru fram í tilefni heimsóknarinnar. Síðdegis hélt kórinn svo tónleika á hátíðarsal Betel við frábærar viðtökur þar sem fullt var út úr dyrum og áheyrendur lýstu hrifningu sinni með því að standa upp í lokin og klappa kórnum lof í lófa þannig að ekki var um annað að ræða en að taka fáein aukalög. Að tónleikunum loknum var boðið upp á kaffiveitingar, m.a. pönnukökur og vínartertu, og dvaldist fólki þarna fram eftir kvöldi enda Íslendingar og fólk af íslenskum ættum mikill meirihluti þeirra sem sóttu tónleikana og um margt þurfti að ræða. Það var síðan alsæll hópur sem ók til Winnipeg síðla kvölds enda heimsóknin til Gimli stórkostleg sem og móttökurnar þar.

### Hecla Island og Hornstrandir

Daginn eftir var aftur haldið að byggðunum í kringum Winnipegvatn og farið til Árborgar þar sem sótt voru heim Vigfusson´s hjónin og gafst fólki þar kostur á að skoða útskorna fugla sem herra Vigfusson hefur skorið úr tré og eru snilldarvel unnir. Frú Vigfusson stjórnar hins vegar barnakór sem syngur m.a. á íslensku og hefur gefið út geisladisk með íslenskum lögum. Þykir frú Vigfusson hafa skilað þar góðu verki og þá ekki síst með tilliti til þess að hún hefur enga tónlistarmenntun og les ekki nótur heldur vinnur allt eftir eyranu.

Eftir að hafa þegið kaffiveitingar hjá þeim hjónum var keyrt út í Hecla Island eða Mikley eins og hún hét á tímum landnemanna. Í þann tíð varð aðeins komist með bát út í eyjuna en nú er kominn þangað vegur og hægt að keyra um hana og njóta þeirrar miklu náttúrufegurðar sem þar er. Byrjað var á að snæða hádegisverð á Gull Harbour en síðan haldið í skoðunarferð um það svæði sem einu sinni var byggt Íslendingum en er nú nánast komið í eyði því þótt sumrin séu góð þá eru veturnir miskunnarlausir og lífsbaráttan erfið á þessum slóðum. Þótti sumum mikið vera líkt með þessari sveit og byggðinni norður á Hornströndum þar sem fólk dvelur nú eingungis á sumrin á báðum stöðum. Húsin sem þarna eru enn uppistandandi eru nú nokkurs konar safn og er haldið vel við, s.s. skólinn samkomuhúsið, en auk þess er þarna falleg kirkja og kirkjugarður þar sem langflestir legsteinanna eru með íslenskum nöfnum. Deginum lauk á því að bærinn Gimli var heimsóttur aftur þótt slíkt hefði ekki verið á dagskrá enda var fólk mjög hrifið af þeim stað og vildi fá tækifæri til að koma þar við aftur og skoða sig betur um í bænum.

### Landbúnaðarsýningin í Lundar

Landbúnaðarsýning í Lundar var á dagskrá daginn eftir, eða laugardaginn 15. júní. Í þessum bæ hefur árlega verið haldin heilmikil landbúnaðarsýning og þar sem þetta var í 50. afmælisár sýningarinnar var óvenju mikið um dýrðir. Í tilefni dagsins voru þarna ýmsir virðulegir gestir, m.a. landbúnaðarráðherra Kanada og landbúnaðarráðherra Íslands, Guðni Ágústsson, ásamt konu sinni Margréti Hauksdóttur. Í för með þeim voru einnig Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmaður ráðherra, Níels Árni Lund deildarstjóri, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri og Eiður Guðnason, sendiherra. Hófst hátíðin formlega með heilmikilli skrúðgöngu að hætti innfæddra þar sem skrautvagnar ýmiss konar í bland við vinnuvélar fylktu liði og höfðu Vestfirðingarnir aldrei á sinni ævi séð jafnmarga traktora samankomna. Að skrúðgöngunni lokinni tóku við ræðuhöld en síðan steig Sunnukórinn á stokk og söng nokkur létt lög. Eftir það rölti fólk um sýninguna þar sem sjá mátti margt skemmtilegt, t.d. uppboð á úrvals nautgripum sem voru þvegnir, klipptir og blásnir með hárþurrku áður en þeir voru boðnir upp. Þá vakti mikla athygli Vestfirðinganna keppni í traktorsakstri þar sem tveir traktorar kepptu í senn um það hvor gæti ekið hægar þannig að sá tapaði sem kom fyrstur í mark. Var þetta hörkukeppni og greinilega mikil spenna í loftinu, bæði meðal keppenda



*Sunnukórinn í garðveislu hjá ræðismannshjónunum Erni og Maddý Arnar í Grænuhlíð við Minnetonkavatn.*

og áhorfenda. Var deginum að mestu eytt þarna á sýningunni og ekki haldið heim til Winnipeg fyrr enn undir kvöld.

### Balli slegið upp á hjólaskipi

Á sunnudagsmorgunn mætti kórinn í messu í First Lutheran Church í Winnipeg og söng þar nokkra sálma en þangað mættu einnig íslenski landbúnaðarráðherrann og sendiherrann ásamt fylgdarliði. Að messu lokinni var boðið upp á kaffi og meðlæti og spjallað við þá mörgu Íslendinga sem þar voru samankomnir. Var síðan haldin stutt æfing í kirkjunni þar sem farið var yfir þau lög sen syngja átti daginn eftir þegar þjóðhátíðardegi Íslendinga yrði fagnað. Að æfingu lokinni var frjáls tími það sem eftir lifði dags en um kvöldið fór hópurinn í siglingu á hjólaskipi eftir Rauðá og snæddi þar kvöldverð. Þegar allir voru orðnir mettir dró hin góðkunni tónlistarmaður Baldur Geirmundsson fram harmonikkuna og lék fyrir söng og dansi uppi á dekki allt þar til skipið lagðist að landi á ný. Varð af þessu hin besta skemmtun og í rökkrinu mátti sjá fólk koma niður á árbakkanum til að kanna hvaðan þessi fjöruga músík bærist.

### Hátíðarhöld á 17. júní

Að morgni þjóðhátíðardags Íslendinga, mánudaginn 17. júní, var haldið til Lower Fort Garry sem er lifandi byggðasafn rétt utan við borgina. Þar var á sinni tíð mikið virki þar sem ráðamenn breska heimsveldisins í Kanada höfðu m.a. aðsetur. Búið er að gera virkisveggina upp og sömuleiðis byggingarnar innan þeirra sem og nokkrar byggingar fyrir utan virkið. Þar er lifandi fólk í hlutverkum löngu liðinna íbúa sem spjalla við gesti um lífið á staðnum eins og það var fyrr á öldum. Þegar heim var komið á ný fór fólk að búa sig undir hátíðarhöld vegna þjóðhátíðarinnar og klukkan 18 var hópurinn mættur fyrir framan Legislature sem er ráðhúsið í Winnipeg. Var farið í skoðunarferð um þann hluta byggingarinnar sem er opin almenningi en síðan haldið að styttu Jóns Sigurðssonar sem staðsett í garðinum við ráðhúsið. Þar hófust formleg hátíðarhöld kl. 19 og var athöfninni stjórnað af Neil Bardal, aðalræðismanni í Gimli.

Hófst hún á því að Sunnukórinn söng þjóðsöngva Kanada og Íslands en síðan bauð Deanna Isleifsson gesti velkomna, stutt ávörp fluttu þau Peter Liba, fylkisstjóri Manitoba, Gary Doerm forsætisráðherra, Eiður Guðnason, sendiherra, Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, Lillian Thomas, aðstoðarborgarstjóri Winnipeg, og Connie Magnusson, fjallkona, en sr. Ingþór Ísfeld fór með bæn í lokin. Söng Sunnukórinn sömuleiðis tvö íslensk þjóðlög við athöfnina en að henni lokinni var haldið í Norræna húsið í Winnipeg þar sem boðið var upp á veitingar og kórinn söng nokkur lög.

### Mall of America

Daginn eftir lauk dvölinni í Kanada þegar hópurinn yfirgaf Manitobafylki og hélt aftur yfir til Bandaríkjanna þar sem ekið var beina leið til Minneapolis. Eftir það var engin föst dagskrá og höfðu menn frjálsan tíma þá þrjá daga sem eftir voru af ferðinni. Eyddu margir þeim tíma í Mall of America sem er stærsta verslunarmiðstöð sem fyrirfinnst í Bandaríkjunum en sumir gáfu sér samt tíma til að skoða borgina betur og njóta þess sem hún hefur uppá að bjóða. Aðfaranótt laugardagsins 22. júní var síðan flogið heim til Íslands og lent í Keflavík fljótlega upp úr hádegi eða átta klukkutíma seinna en áætlað var vegna bilunar sem varð í einum hreyfli flugvélarinnar rétt í þann mund sem hún var að renna frá landganginum þar ytra. Varð það þó á engan hátt til að varpa skugga á ferðina sem allir þátttakendur eru sammála um að hafi verið ógleymanlegt ævintýri frá upphafi til enda.




*Mikil stemmning skapaðist um borð í hjólaskipinu þegar B.G. dró fram nikkuna og lék fyrir dansi eins og honum er einum lagið.*



*Hluti þeirra fugla sem hr. Vigfússon hefur skorið út og voru til sýnis á heimili þeirra hjóna.*



*Kirkjan á Hecla Island.*



*Gunnlaugur Jónasson, bóksali á Ísafirði og kórfélagi, mátar hér hermannabúning og heilsar að hermannasið.*



*Starfsmenn Sindrabergs gæða sér á ljúffengu grillkjöti og gosdrykkjum utan við verksmiðjuna.*

# Sushi-verkendur grilla í góðviðrinu

Glaðbeitt starfsfólk Sushi-verksmiðjunnar Sindrabergs hf. efndi til mikils grillfagnaðar utan við húsnæði verksmiðjunnar í hádeginu á föstudag.

Starfsfólkinu var boðið að gæða sér á ljúfu lambakjöti og sívinsælum smásperðlum að vinnudeginum loknum, en kjötmetinu renndi það niður með vatni eða gosdrykkjum.

Auk átsins var margt til gamans gert í veislunni, sem stóð í tæpar tvær klukkustundir, því íþróttalega sinnaðir sushi-verkendur gátu húllað með þar til gerðri gjörð.

**Suðureyrarkirkja**

# Eignast brauðhús

Fyrir fjórum árum færði Lionsklúbbur Önundarfjarðar og Súgandafjarðar Suðureyrarkirkju 150.000 krónur að gjöf. Ákveðið var að nota gjöfina til að kaupa kaleik og brauðhús. Kaleikurinn var keyptur frá Englandi sama ár. Brauðhúsin voru svo vígð við fermingarmessu í Suðureyrarkirkju sl. hvítasunnudag.

Í brauðhúsum eru oblátur geymdar milli athafna, og einnig eru þau notuð við altarisgöngu til að gefa úr þeim kirkjubrauðið (obláturnar). Gripirnir, sem eru úr silfri og gylltir innan, eru smíðaðir hjá Vanpoulles í Bretlandi. Fyrirmynd kaleiksins er kaleikur, sem nú er varðveittur í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirtækið átti ekki brauðhús á lager í stíl við kaleikinn, og voru þau því hönnuð og smíðuð sérstaklega fyrir Suðureyrarkirkju. Frá þessu er greint á sudureyri.is.

**Vestfirðir**

# Bifreið valt á Hrafnseyrarheiði

Bifreið valt efst á Hrafnseyrarheiði, rétt norðan við sæluhús, um kl. 20:00 á laugardagskvöld. Tveir erlendir ferðamenn voru í bílnum og sluppu þeir báðir með skrámur, en voru skiljanlega mjög slegnir yfir óhappinu.

Talið er að bíllinn hafi runnið út af í lausamöl. Þá þykir lögreglunni á Ísafirði sem bensínfótur ökumanna sé orðinn nokkuð þungur, því margir hafa verið teknir fyrir hraðakstur að undanförnu. Þetta mun vera vandamál á landsvísu, því víðar hafa menn verið að aka of geyst.

Aðfaranótt sunnudags fékk lögregla svo hjálparbeiðni frá tveimur ungum stúlkum sem gengið höfðu upp Eyrarfjall. Töldu stúlkurnar sig komnar í sjálfheldu, en lögreglumenn fylgdust með þeim í sjónauka og leiðbeindu þeim í gegnum GSM-síma.

**Vestfirðir**

# Halldór Jónsson vill verða bæjarstjóri

Halldór Jónsson, fiskverkandi á Ísafirði, sem kunnnugt er leiddi A-lista Nýs afls í nýliðnum bæjarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ, er á meðal umsækjenda um starf bæjarstjóra Ólafsfjarðar en staðan var auglýst laus fyrir stuttu.

Magnús Hávarðarson, tölvu- og kerfisfræðingur, sækir einnig um stöðuna, en hann sótti nýlega eftir stöðu bæjarstjóra Árborgar. Magnús var í fimmta sæti á lista bæjarmálafélags Bolungarvíkur í bæjarstjórnarkosningunum í vor. Alls eru 25 umsækjendur um stöðu bæjarstjóra Ólafsfjarðar.



**Steinríkur**

Afl (kW): 2X171,5
Stærð (Brl ): 8,8
Ganghraði: 35 mílur. Eigandi: Helgi Geirmundsson og börn

# Skemmtifleytur bæjarins

**Ljósmyndari Bæjarins besta brá sér niður á smábátahöfn á Ísafirði og tók myndir af nokkrum sportbátum sem þar lágu við bryggju. Hér eru nokkrar myndir ásamt helstu upplýsingum um bátana.**

**Maja**

Afl (kW): 149
Stærð (Brl ): 2,93
Ganghraði: 24-25 mílur. Eigandi: Sveinn Árni Guðbjartsson




**Stálheppinn**

Afl (kW):
Stærð (Brl ): 6,59
Ganghraði: mílur.
Eigandi: 3X-Stál ehf. á Ísafirði




**Silja**

Afl (kW): 12,7
Stærð (Brl ): 5,69
Ganghraði: 5-7 mílur. Eigandi: Jón Ólafur Sigurðsson

**Örn**

Afl (kW): 121
Stærð (Brl ): 5,9
Ganghraði: 20 mílur. Eigandi: Torfi Björnsson





# Með eðlislæga ú

# ar- og ævintýra

### Ágætis sumarvinna

– Er þetta ekki ágætis vinna þegar litið er til þess náms sem þú ert í?

„Jú, vissulega. Þó ég sé í hagfræðideild er námið byggt þannig upp að fimmtungur áfanganna þarf að vera „grænn“, eins og það er kallað. Því tengist vinnan náminu nokkuð og ég á eflaust eftir að verða mér úti um þó nokkra reynslu í sumar.

Námið gengur frekar mikið út á hagkvæma nýtingu auðlinda, svo það má segja að ég hafi náð mér í ágætis sumarvinnu.“

### Ætlaði ekki í það nám sem hann er í

Þó Jón Ottó kunni ágætlega við sig í því námi sem hann stundar, var það ekki ætlun hans að fara í hagfræði. „Ég ætlaði upphaflega í landslagsarkitektúr. Þegar ég ákvað að breyta til og skella mér í skóla, hafði ég ekki hugmynd um hvað ég ætlaði að læra svo ég fór í áhugasviðspróf. Niðurstöðurnar úr því prófi voru á þann veg að það kom ekkert annað til greina en landslagsarkitektúr.

Aftur á móti var svo gríðarleg aðsókn í arkitektúrsnámið að ég fékk ekki þar inni. Ég gerði reyndar þau mistök að sækja bara um í Landbúnaðarháskólanum í Ås í Noregi, en hefði að sjálfsögðu átt að sækja um vist í fleiri skólum.

Þetta klúður mitt reyndist svo vera dulbúin blessun, því ég kann ágætlega við mig í umhverfis- og auðlindahagfræðinni og ætla að halda áfram að máta þetta nám næsta vetur.“

### Var að íhuga að leggja tónlistina fyrir sig

Jón Ottó fæddist á Ísafirði um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Hann gekk hinn hefðbundna menntaveg framan af, lauk gagnfræðaprófi og fór rakleitt í framhaldsnám.

„Ég lærði til stúdents við Menntaskólann á Ísafirði, en tók mér reyndar frí á miðri leið til að fara í tónlistarlýðháskóla í Noregi. Ég hafði á árum áður blásið í klarinett þegar kennari var til staðar í Tónlistarskólanum og hafði áhuga á að halda því áfram. Á tímabili var ég meira að segja að velta því fyrir mér að gera tónlistina að ævistarfi.“

Jón lét ekki verða af því að leggja tónlistina fyrir sig, eða í það minnsta hefur hann ekki gert það enn. „Ég held það væri gaman að reyna að ná saman einhverjum sem kunna álíka lítið og ég á blásturshljóðfæri og fara að spila saman. Ég ætla að minnsta kosti að taka klarinettið með mér út til Noregs í haust og athuga hversu ryðgaður ég er orðinn.“

### Annar hvor þurfti að kunna á vélar

Þegar Jón kom heim eftir árslanga dvöl í Noregi hélt hann áfram að læra til stúdentsprófs. „Ég útskrifaðist svo árið 1987. Ég hafði ekki hug á að fara strax í háskóla og fór því að vinna ýmis störf, til dæmis að endurbyggja gömlu húsin í Neðstakaupstað.

Við Guðmundur heitinn Thoroddsen mágur minn og skútukappi vorum á þessum tíma mjög spenntir fyrir því að hasla okkur völl í ferðaþjónustubransanum. Við ætluðum að kaupa okkur hraðbát og skutla fólki norður á Hornstrandir og töldum þess vegna heillavænlegra að í það minnsta annar okkar vissi hvað sneri upp og hvað niður á vélum. Þess vegna settist ég aftur á skólabekk og fór að þessu sinni í vélskóla.“

### Sumt er meira virði en peningar

„Ég ætlaði bara að læra til vélavarðar, en það nám tekur eina önn. Ég fór suður til Reykjavíkur svo ég gæti lært heimspeki með, vildi sjóða þessar tvær greinar í eins konar vélspeki. Mér fannst námið mjög skemmtilegt og vildi halda áfram eftir að ég var orðinn vélavörður.

Vegna lélegrar fjárhagsstöðu flutti ég aftur vestur, en þá var aftur byrjað að kenna vélfræði á Ísafirði. Hér gat ég líka unnið með skóla svo ég hefði í mig og á.

Á endanum útskrifaðist ég með annað stig í vélstjórn frá Ísafirði en hélt reyndar áfram í Vélskóla Íslands. Ekkert varð þó úr fyrirtækinu okkar Guðmundar og aldrei keyptum við bátinn enda var sá bátur sem við höfðum augastað á seldur án þess að við værum látnir vita. Hins vegar fór ég á frystitogara og kynntist þá einhverju sem ég hafði aldrei kynnst áður, peningum.“

Þó vissulega þætti Jóni gott að eiga peninga komst hann fljótlega að því að sumt er meira virði. „Ég kvæntist árið 1996 og af næstu tólf mánuðum var ég níu úti í Grænlandssundi. Þá komst ég að því að lífið er allt annað og meira en peningar, hætti á sjónum og fór að vinna í Íshúsinu og gerði það þangað til það var lagt niður.“



**Ævintýramaðurinn Jón Ottó Gunnarsson er eitthvað farinn að róast enda kominn með eiginkonu og tvo erfingja. Samt er töluvert eftir af ævintýraþránni og græjudellunni hjá þessum liðlega hálffertuga æringja. Ennþá á Jón Ottó skútu, svifrefil, gönguskíði og fleiri tómstundatæki, en neyddist þó til að selja kajakinn á sínum tíma til að eiga fyrir barnavagni. Um þessar mundir er Jón Ottó í sumarvinnu hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Þar verður hann fram á haust þegar hann snýr aftur til Noregs og heldur áfram námi í auðlinda- og umhverfishagfræði. „Hjá Náttúrustofunni hef ég verið að vinna að verkefni sem lýtur að mengun með tilliti til fiskeldis í innfjörðum. Verkefnið felst í því að gerðar eru straum og dýptarmælingar og forrit látið teikna dýptarlínur sem síðan eru færðar inn í þrívíðan gagnagrunn. Þá verða teiknuð upp kort af fjörðum með straumum og stefnum sem verða notuð til að reyna að meta hversu mikið líf má bjóða einum firði.“**

### Slysatíðni lág þegar Jón starfar með hjálparsveitinni

Einu sinni skáti alltaf skáti. Þetta veit Jón Ottó manna best, en hann hefur verið viðloðandi skátahreyfinguna frá barnæsku. Aðspurður segist hann þó ekki muna nákvæmlega hvenær hann sótti sinn fyrsta skátafund. „Ég held að ég hafi byrjað í Ylfingunum átta eða níu ára gamall. Við lutum stjórn Snorra Hermannssonar sem þá var ylfingaforingi.

Ég á mjög góðar minningar frá skátastarfinu, bæði úr Ylfingunum og ekki síðar þegar ég óx úr grasi og varð dróttskáti og fór í hjálparsveitina. Þar fékk ég að svala minni eðlislægu útivista- og græjufýsn sem hefur fylgt mér alla tíð. Sem betur fer lenti ég ekki í neinum alvarlegum útköllum og mér virðist sem slysatíðni hafi verið afskaplega lág þann tíma sem ég hef verið í hjálparsveitinni. Maður ætti kannski að byrja aftur til að skrúfa fyrir slys, því vera mín í hjálparsveitinni virðist af einhverjum ástæðum hafa mikið forvarnargildi.“

### Villuráfandi snakk

Vera Jóns í skátunum var ekki nóg til að svala fýsnum hans og leiddist hann æ meira út í alls kyns dellur. „Til Ísafjarðar kom eitt sinn maður að nafni Kjartan Hauksson sem smitaði kafaradellu út um alla hjálparsveitina. Ég smitaðist eins og svo margir aðrir

# tivist-

# þörf

og keypti mér kafaragræjur.

Fljótlega eftir að ég keypti búnaðinn fékk ég aukavinnu hjá Hafrannsóknarstofnun við að tína ígulker í Álftafirði. Þá voru menn með drauma um að koma upp ígulkerjarækt í fjörðunum, en ekkert varð úr þeim áformum.

Þessi aukavinna mín varð þó til þess að matseðillinn breyttist nokkuð í þeim boðum sem ég hélt. Ég tíndi alltaf ríflega af ígulkerjum til að geta boðið upp á í veislum. Það kom mér síðan skemmtilega á óvart að ígulkerin labba um þó búið sé að skera ofan af þeim og þetta villuráfandi snakk vakti yfirleitt mikla lukku í partíum."

## Svifrefill

Veturinn 1988-´89 fór Jón Ottó til Parísar, að eigin sögn til að skoða borgina, mannlífið og síðast en ekki síst, næturlífið. „Ég var að nafninu til að læra frönsku, en námið varð fljótlega algert aukaatriði."

Í franska sjónvarpinu kynntist Jón Ottó tæki sem venjulega er kallað paraglider og er eins konar blendingur fallhlífar og svifdreka. „Ég vissi náttúrlega að Vestfirðingar voru fyrstir Íslendinga til að fljúga svifdreka og fannst ótækt annað en að þeir yrðu líka fyrstir til að fljúga Paraglider. Ég hringdi þess vegna í nokkra aðila á Ísafirði sem mér fannst vera líklegir til að vilja stofna hlutafélag um kaupin. Það tókst og Vestfirðingar urðu fyrstir til að stunda flug af þessu tagi."

Jóni Ottó fannst agalegt að ekki væri til íslenskt orð yfir gripinn og bjó þess vegna til nýyrðið svifrefill. „Mér fannst þetta fyrirtaks orð og hringdi í Orðabók Háskólans og lagði til að orðið yrði skráð. Ég athugaði fyrir stuttu hvort þeir hefðu hlustað á mig, en orðið virðist ekki hafa hlotið náð fyrir augum þeirra."





## Skútudella

Skútudella hafði hægt og rólega grafið um sig hjá Jóni Ottó og hafði vaxið allt frá barnsaldri „Ég held að það hafi mikið til verið vegna þess að í herberginu hjá Einari Hreinssyni frænda mínum var risastór mynd af keppnisskútu á siglingu sem ég held að hljóti að hafa verið „svanur", eða tegundin Swan. Ég starði oft og lengi á þessa mynd sem heillaði mig mjög.

Skútudellan varð síðan alveg óviðráðanleg eftir að ég sigldi með Guðmundi heitnum mági mínum á skútunni hans Drífu í góðum byr frá Jeoa Pessoa í Brasilíu niður með ströndum til Buenos Aires í Argentínu. Þetta var að sjálfsögðu ógleymanlegt ævintýri að sigla í túrkis bláum 30 gráðu heitum sjó þar sem ágjafirnar voru sæla og geta dregið litríka fiska sér til matar."

## Skuld, skuldarnautar og skuldahali

Eftir að skútudellan var búin að grassera í nokkur á, eða fyrir um það bil fimm árum síðan keypti Jón Ottó 27 feta úthafsskútu, í félagi við þá Hjalta Karlsson og Sigurð Jónsson. Skútan heitir Skuld og segir það nafn allt sem segja þarf um hvernig kaupin voru fjármögnuð. Til að undirstrika að þeir félagar hafi keypt gripinn á íslenskan máta, nefndu þeir útgerðarfélagið Skuldarnauta. Ekki nóg með það, heldur fékk léttabáturinn sem skútan hefur í eftirdragi nafnið Hali, og er að sjálfsögðu oftast kallaður Skuldahali. „Ég er ekki frá því að það hafi lengst í spottanum frekar en hitt þau ár sem við höfum átt skútuna.

Þó að skútan sé fullfær til úthafssiglinga höfum við ekki enn farið í neinar langferðir. Ég held að lengsta ferðin hafi verið farin þegar við fórum á ball í Flatey á Breiðafirði. Við erum allir orðnir fjölskyldumenn og ég held að það sé ómögulegt að taka krakka með í langferðir á svona litlum bát, því þeir virðast þurfa ansi mikið olnbogarými.

Þess vegna er mjög þægilegt að fara í stuttar siglingar á Vestfjörðum, sem mér finnst vera algjör paradís skútusiglingamannsins. Hér eru margir djúpir firðir og víða hægt að leggja færi og fara í land, þó ekki nema bara til að leyfa púkunum að hreifa sig."

## Nýjasta dellan kallar á gull í Athenu

„Dellan sem er efst á baugi hjá mér núna er ekki beint ný heldur eiginlega eldgömul og sennilega bara sú allra fyrsta sem náði tökum á mér, en það er róður. Sumarið þegar ég var níu ára stokkaði ég upp lóðir fyrir Guðnýju ÍS 266 með Jóni Magnússyni frá Stað í Aðalvík, launin fyrir þessa sumarvinnu dugðu fyrir útborgun í árabát, eða eins konar pramma. Þessi prammi var síðan aðal leikfangið mitt öll sumur þangað til Skutulsfjarðarbrautin var lögð, en hún eyðilagði fyrir mér vörina og alla útgerðaraðstöðu. Þessa veglagningu hataði ég.

Síðan þá hef ég gengið með það í undirmeðvitundinni að stunda róður og komast yfir „alvöru" kappróðrarbát til að flengjast um á Pollinum í Ísafjarðarlogninu. Nú er þessi gamli draumur sennilega að verða að veruleika því í næsta nágrenni við skólann í Noregi er ein helsta aðstaða Norðmanna í róðraríþróttinni og er ég þegar búinn að melda mig í æfingabúðir með haustinu.

Mér fannst reyndar rétt þegar ég skráði mig inn í klúbbinn að setja mér hófleg markmið og þegar það rann upp fyrir mér að Ólympíuleikarnir verða í Aþenu árið 2004 þótti mér rétt að nálgast bara gullið þar. Eftir á að hyggja finnst mér þetta reyndar frekar óraunhæf markmið en ætla samt að stefna á verðlaunasæti. Ég gæti hins vegar þurft að skilgreina hugtakið „verðlaunasæti" upp á nýtt."



## *Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar*

# Plöturnar sem breytu lífi mínu…!

Popptónlist hefur verið fastur punktur í lífi flestra Vesturlandabúa allt frá því kóngurinn Elvis Presley hnykkti mjöðmum á eftirminnilegan máta fyrir meira en hálfri öld síðan. Tónlistin gegnir margvíslegum hlutverkum í lífi fólks, allt frá því að vera helsti tilgangur þess og miðpunktur tilverunnar í að vera lítilvæg og gagnast helst við að stytta fólki stundirnar við langkeyrslur. Þrátt fyrir að fólk hafi til að bera mis-mikinn tónlistaráhuga geta flestir ef ekki allir nefnt til sögunnar tíu plötur sem hafa haft djúpstæð áhrif á líf sitt; ef til vill valdið því að viðkomandi aðili tók upp á því að mála sig eins og Simon Le Bon og félagar í Duran Duran, safna síðu hári og skeggi að hætti bítilsins Johns Lennon eða setja nælur og merki á leðurjakkann og hrækja í tíma og ótíma eins og Bubbi Morthens og Utangarðsmenn þegar þeir rokkuðu í Reykjavík. Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi, gítarleikari og rokkari með meiru ríður hér á vaðið og rifjar upp þær tíu plötur er hafa haft hvað mest áhrif á líf hans gegnum árin.




**Breakin': „Let´s Break“**

„Platan „Let's Break“ úr kvikmyndinni Breakin' var fyrsta platan sem ég eignaðist. Hér er sannarlega snilldarverk á ferð, platan var skelfilega í takt við tíðarandann og greip mig strax. Ég eyddi löngum tíma í stofunni breikandi við tóna þessa meistaraverks og uppskar fyrir mikla aðdáun á diskótekum í barna- og gagnfræðaskólanum. Færni mín var orðin slík að ég náði auðveldlega öðru sætinu á breakkeppni sem haldin var í Sjallanum á þessum árum.“




**Carlos Santana: „Zebop“**

„Gítarhetjan Carlos Santana er mikill snillingur og platan „Zebop“ eitt af hans höfuðverkum. Með stífum æfingum og miklum herkjum tókst mér að læra öll gítarsólóin á plötunni og sá ekki eftir því. Hver kannast ekki við lög eins og „É papa ré“ og „The sensitive kind“?



**Led Zeppelin: „II“**

„Íslandsvinirnir Led Zeppelin eru í miklu uppáhaldi hjá mér því þeir kunna svo sannarlega að rokka. Karlmannlegt fas söngvarans Robert Plant spillir heldur ekki fyrir. Af plötum þeirra hefur mér alltaf fundist „II“ vera áberandi sterkust, það er ekki eitt einasta vont lag á henni að finna.“




**The Police: „Outlandos d´Amour“**

„The Police er önnur hljómsveit sem ég er hrifinn af. Það stenst enginn Stewart Copeland snúninginn við trommusettið og Sting er löngu búinn að sanna sig sem úrvals lagasmiður.“



**Manfred Mann's Earth band: „Watch“**

„Þetta er einfaldlega frábær plata með skemmtilegum músíköntum og ekki spillir fyrir að hún inniheldur flottasta gítarsóló í heimi. Manfred Mann leikur fyrst og fremst R&B tónlist (í eiginlegri merkingu orðsins), en tók upp á því að leika poppslagara með til þess að þurfa ekki að fara út á vinnumarkaðinn. Á plötunni er m.a. að finna ábreiðu af Bob Dylan laginu „The mighty Quinn“, en hápunkturinn er samt líklega áðurnefnt gítarsóló.“




**Stevie Ray Vaughan: „Couldn't stand the weather“**

„Ég eignaðist þessa á blústímabilinu og hreifst mjög af spilamennsku Stevie og djassrokk-blús lögunum sem einkenna plötuna. Ég hætti samt alveg að hlusta á blús eftir að ég uppgötvaði að það var bara gaman að spila hann, en ekki hlusta á. Stevie lést í þyrluslysi seint á níunda áratug síðustu aldar. Það er mikill missir af honum, enda flinkur gítarleikari svo ekki sé meira sagt.“




**Sugar: „Copper Blue“**

„Sugar voru áberandi við upphaf tíunda áratugarins, en drukknuðu hálfpartinn í hinni stóru Seattle gruggbylgju sem þá gerði vart við sig. Töframaðurinn Bob Mould, sem hóf ferilinn í hinni sögufrægu bandarísku pönksveit Hüsker Dü, er forsprakki og aðal lagahöfundur Sugar og rokkar feitt á þessari frábæru plötu.“




**Radiohead: „The bends“**

„Radiohead frá Oxford í Englandi er sannarlega besta rokkhljómsveit samtímans, það kemst enginn með tærnar þar sem hún hefur hælana. „The bends“ hefur til að bera allt sem prýða þarf góða plötu og það er stranglega bannað að hlusta lágt á hana.“



**Botnleðja: „Douglas Dakota“**

„Ekki er hægt að skilja íslensku músikina alveg útundan. Strákarnir í Botnleðju eru ekta og semja skemmtilegar rokkmelodíur eins og sést vel á þessari nýjustu plötu þeirra. Hana gefa þeir út sjálfir, en lengst af hefur Súgfirðingurinn og trommuleikarinn Rabbi gefið afurðir þeirra út og veitt þeim um leið ómetanlega aðstoð við að koma tónlist sinni á framfæri.“




**Tim Christensen: „Secrets on Parade“**

„Ég eignaðist nýlega plötuna „Secrets on parade“ með danska rokkaranum Tim Christensen. Hún kom mér skemmtilega á óvart og er um þessar mundir í græjunum. Framtíðin á hinsvegar eftir að leiða í ljós hvort að þessi plata á eftir að breyta lífi mínu...“

„Ég skora á Guðmund Níelsson málarasnilling og Stónsara til þess að upplýsa lesendur Bæjarins Besta um þær plötur sem hafa haft mest áhrif á hann, svo lengi sem ekki verða bara Stones plötur.“



# Hættumatsskýrslan – Hin nýja aðferðarfræði

## „Ég hvet alla íbúa Ísafjarðar og Hnífsdals til að mótmæla þessari skýrslu“



***Jón F. Þórðarson á Ísafirði skrifar***

Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti. Þessi setning er úr Íslandsklukku Halldórs Laxness og lögð Jóni Hreggviðssyni í munn. Vont var fyrir búsetu á Vestfjörðum þegar snjóflóðin féllu á Flateyri og Súðavík en verri ætla eftirköstin að verða. Nú hefur verið kynnt hættumatsskýrsla fyrir Ísafjörð og Hnífsdal, samin af svokölluðum sérfræðingum í snjóflóðavörnum. Niðurstaða skýrslunnar er í raun dauðadómur yfir allri byggð á þessu svæði ef farið verður eftir skýrslunni, sem ég fastlega vona að ekki verði. Eftirfarandi er tekið beint úr skýrslunni:

1. Einhver hús í öllum hverfum eru á hættusvæði. 2. Fjöldi húsa í Holtahverfi. 3. Seljalandshverfið allt. 4. Fjöldi húsa neðan Gleiðarhjalla eru á hættusvæði ef ekki af völdum snjóflóða þá af völdum skriðufalla og grjóthruns. 5. Í Hnífsdal er stærstur hluti byggðarinnar á hættusvæði. Margt höfum við Vestfirðingar þurft að þola undangengin ár og aldir, sumt af völdum náttúrunnar og annað og ekki minna, af mannavöldum.

Eftir snjóflóðin miklu var mikið vald fært í hendur Veðurstofu Íslands. Ég vil segja óeðlilega mikið vald. Það er stórhættulegt að færa slíkt vald og hér um ræðir í hendur einhverri stofnun, hvort sem hún heitir Veðurstofa Íslands eða eitthvað annað. En þetta eru lög frá Alþingi og ef ekki í fyrsta skipti og því miður ekki í síðasta skipti sem alþingismenn setja lög, sem þeir vita ekkert hvernig virka og koma svo af fjöllum þegar í ljós kemur að lögin virka í allt aðra átt en ætlast var til. Þetta er eins og að vekja upp draug og ráða svo ekkert við hann, sem er alþekkt fyrirbæri í þjóðsögunum.

„Hann er ber,“ sagði barnið í sögu H.C. Andersens um nýju fötin keisarans. Það hafa fáir eða engir þorað að gagnrýna störf og niðurstöður þessara snjóflóða sérfræðinga. Þetta má eflaust skýra með því hvað hér er um viðkvæmt mál að ræða, þar sem snjóflóð sem valda mannskaða eru hörmulegir atburðir. Sérfræðingarnir hafa líka kunnað að leika á þær tilfinningar fólks en það breytir því ekki að hér hefur verið farið offari og afleiðingarnar eru augljósar. Um leið og hættumatsskýrslan er lögð fram og kynnt í fjölmiðlum, sem ekki er ósparir á að tíunda hættuna á að búa á slíkum stöðum, eru margir tugir húsa, ef ekki öll hús á svæðinu orðin verðlítil eða verðlaus, þó ekki sé minnst á álitshnekkinn út á við sem byggðarlagið verður fyrir.

Holtahverfið, Seljalandshverfið, byggðin neðan Gleiðarhjalla, allur Hnífsdalur. Öll þessi hverfi á hættusvæði. Hvað er þá eftir nema sjálf eyrin? Hvenær megum við búast við að flugvellinum verði lokað vegna snjóflóðahættu? Er hann ekki á hættusvæði eða nær hættumatið ekki til hans? Þar eru oft hundruð manna inni að bíða eftir flugi, ekki síst eftir stórhríðar. Það yrði þá punkturinn yfir iið ef þeim tækist að loka flugvellinum.

Hvers eigum við að gjalda sem hér búum? Er eitthvað hættulegra að búa hér en t.d. á Selfossi sem byggð er á stóru sprungusvæði og getur sokkið í heilu lagi í einhverjum jarðskjálftanum að mati eins sérfræðingsins og hvað um sjálfa Reykjavík, er hún ekki byggð á einu mesta jarðskjálfta- og eldgosasvæði heims? Hvað líður hættumati og rýmingaráætlun fyrir þessa staði? Er það kannski og veigamikið verkefni? Nei. Í stað þess að gera hættumat fyrir Reykjavík eru uppi bollaleggingar um að byggja 25 hæða hótel úr gleri og skýjakljúfa í Vatnsmýrinni.

Ég bý í Hnífsdal, í því hverfi sem fram að þessu hefur verið talið eins öruggt að búa í eins og í hverju öðru hverfi í bæjum og þorpum þessa lands. Nú er ég kominn á hættusvæði C, sem er talið mesta hættusvæðið en hver er munurinn á hættusvæði A, B og C. Ég vil útskýra það á mannamáli. Á hættusvæði A er hættan talin sú, að af hverjum 10.000 íbúum gætu farist árlega 0,3 til einn maður árlega. Á hættusvæði B er hættan 1 til 3 menn árlega pr. 10.000 íbúa. Á hættusvæði C er hættan 3 menn árlega miðað við 10.000 íbúa. Munurinn er sem sagt frá einum manni upp í þrjá menn eftir hættusvæðum. Ef einhver telur sig ekki öruggan á svæði C, telur hann sig þá öruggan á svæði A og B? Ef hús verða verðlaus á svæði C, munu þá hús á hættusvæðum A og B halda verðgildi sínu? Nei, auðvitað ekki.

Niðurstaðan er því sú, að nánast allur bærinn að eyrinni undanskilinni er á hættusvæði að mati sérfræðinganna.

Hvers konar vinnubrögð eru hér á ferðinni eða er meiningin að blása af alla byggð í þessum bæ? Kynningarfundur á hættumatsskýrslunni var haldinn 19. júní sl. í Menntaskólanum á Ísafirði. Þessir kynningarfundir eru einskis virði, þar sem sérfræðingarnir hafa ákveðið allt fyrirfram og þeirra mati verði ekki haggað. Álit og skoðanir heimamanna eru ávallt hundsaðar. Hver var ágreiningurinn á milli Odds Péturssonar og sérfræðinganna. Hvers vegna fékkst það ekki uppgefið á fundinum? Eftir að sérfræðingarnir hafa kynnt niðurstöður sínar, vanalega með glærum og priki, (sennilega af tillitssemi við heyrnarlausa) gefst mönnum kostur á að spyrja einskisverðra spurninga, sem sérfræðingarnir svara vanalega með hroka eða lítilsvirðingu gagnvart áliti og reynslu spyrjandans og honum góðfúslega bent á að hans mat á hlutunum sé einfaldlega rangt því reiknilíkanið segi annað og það blífur. Ef þér dirfist að koma með gagnrýni á borð við þessa hér, ert þú einfaldlega stimplaður dóni og ert kominn út fyrir ramma fundarins. Gagnrýni er ekki æskileg á svona kynningarfundum, aðeins kurteislegar spurningar.

Á þessum kynningarfundi kom fram hjá hagfræðiprófessornum, að notuð hafi verið ný aðferðarfræði (á íslensku kallast það ný aðferð) við gerð hættumatsins. Þessi nýja aðferðarfræði gerði það mögulegt að koma miklu fleiri húsum inn á hættusvæði en ef gamla aðferðin hefði verið notuð. Ný aðferðarfræði er faglegt nafn, sem á að vekja traust íbúanna á því, að hér hafi faglega verið að verki staðið. En með þessari nýju aðferðarfræði geta þeir dólað með hættumatsstrikið sitt að vild. Það skiptir þá engu máli hvað er hinum megin við strikið, en bak við strikið býr fólk með tilfinningar, fólk sem á allt sitt þeim megin við strikið, sín hús, sína garða, sína fortíð og vonandi sína framtíð.

Bæjaryfirvöld virðast í þessu máli sem öðru, liggja hundflöt fyrir öllu sem miðstýringin að sunnan lætur yfir okkur ganga, ekki síst ef nafnið sérfræðingur er nefnt. Þeim lærist seint, þó ég héldi að þeir væru að vitkast. Ég vona nú samt að þeir kyngi ekki þessum síðasta og versta bita, ótuggðum. Það eina sem ég hef heyrt frá þeim enn sem komið er, er það að forgangsverkefni sé að byggja varnargarða út um allar trissur til að treysta byggðina. Hvað sem öllum varnargörðum viðvíkur, sem enginn treystir á nema sérfræðingarnir, sem hvort eð er ætla sér ekki að búa hér, óar mér við að sjá jarðýtur og önnur stórvirk tól djöflast í fallegu hlíðunum okkar og valda óbætanlegum skaða. Þetta mættu Bolvíkingar huga að, áður en lengra er haldið í vitleysunni hjá þeim.

Að lokum. Nú verður að bregðast hart við og stöðva þessa vitleysu áður en meira tjón hlýst af. Það mæti ætla að þessar aðgerðir væru einn liðurinn í að flæma íbúanna burt og hvers vegna er prófessor við hagfræðideild Háskólans fenginn til að vera í forsvari og vera formaður hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar? Við Vestfirðingar höfum lifað af marga óáran í gegnum tíðina. Enn eru við sprelllifandi þrátt fyrir kvóta og annað tjón af mannavöldum sem við höfum þurft að kljást við í gegnum árin, en hvort við lifum af þessa síðustu og einhverja þá verstu plágu sem yfir okkur hefur dunið, mun tíminn einn leiða í ljós.

Ég hvet alla íbúa Ísafjarðar og Hnífsdals til að mótmæla þessari skýrslu, þessum vinnubrögðum og þessari aðför að byggðinni og búsetu hér sem nú er gerð af mönnum sem ekkert vita hvað þeir eru að gera.




***Verðlaunahafar á mótinu. Mynd: Gylfi Sigurðsson.***

# Halldór Pálmi og Pimonlask sigruðu

Vestfjarðamótið í golfi var haldið í blíðskaparveðri á Tungudalsvelli um helgina. Þátttakendur í mótinu komu frá fimm félögum; Golfklúbbi Ísafjarðar, Bolungarvíkur, Patreksfjarðar, Bíldudals og Golfklúbbnum Glámu frá Þingeyri. Halldór Pálmi Bjarkason frá síðastnefnda klúbbnum sigraði í karlaflokki, en Pimonlask Rodpitake frá Golfklúbbi Ísafjarðar sigraði í kvennaflokki.

Þá sigraði Sigurður Fannar Grétarsson í unglingaflokki og Hreinn Pálsson í öldungaflokki, en báðir leika þeir fyrir GÍ. Alls var keppt í sex flokkum á mótinu sem fór vel.


## smáar

Til sölu er Volvo 760 Gle með öllu, skemmdur eftir árekstur. Toppar á vél. Nýbúið að pakka upp. Tveggja tanka vél. Ekinn 187 þús. km. Uppl. gefur Þorsteinn í símum 456 7752 eða 862 8652.

Til sölu eða leigu er 4ra herb. risíbúð að Túngötu 17, Ísafirði. Upplýsingar í síma 892 0855. Verð á staðnum fram á næsta þriðjudag.

Til sölu er rúm, 90x200, með höfðagafli og útvarpi. Selst á kr. 5.000. Upplýsingar í síma 456 4276.

Óska eftir íbúð til leigu á Ísafirði. Er reyklaus og reglusöm. Uppl. í s. 551 6799 og 868 6799.

Til sölu er falleg 3ja herb. íbúð á besta stað á Ísafirði. Öll tilboð skoðuð. Upplýsingar í símum 456 7401 og 699 1817.

Óska eftir að kaupa fjórhjóladrifinn fólksbíl á verðinu 100 - 150 þúsund lrónur. Uppl. í síma 456 7737.

Til sölu er Mazda 323 árg. 95. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 892 9751.

Til sölu er 4ra herb. íbúð í góðu standi að Túngötu 18 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4014.

Til sölu er Britax barnabílstóll, 9-18 kg. Upplýsingar í síma 486 4744.

Til sölu er Mercury utanborðsmótor, 2,5 hestöfl á kr. 15 þús. Á sama stað fæst AEG eldavél. Upplýsingar í síma 456 3976.

Til sölu er sjö manna Mitsubishi Space Wagon. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 456 3587.

Kanínuungar fást gefins. Uppl. í síma 456 7319.

Þrír Boxer/Spaniel hvolpar fást gefins. Uppl. í síma 456 2025.

Til sölu er Polaris Indy XLT 580 vélsleði. Upplýsingar í síma 848 6022.

Ungt par sem er að byrja að búa vantar allt mögulegt í innbúið, gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í símum 898 5440 og 846 4461 eftir kl. 15.

Til sölu er hornsófi. Upplýsingar í síma 456 4338.


## Svæðisútvarp

### Tveggja vikna útsendingarhlé

Glöggir útvarpshlustendur hafa eflaust tekið eftir því að lítið hefur borið á útsendingum frá Svæðisútvarpi Vestfjarða að undanförnu. Finnbogi Hermannsson, forstöðumaður Svæðisútvarpsins, segir nauðsynlegt hafi verið að leggja af útsendingar um tveggja vikna skeið vegna byggingarframkvæmda við húsnæði útvarpsins að Aðalstræti 22, en þar er verið að bæta alla vinnuaðstöðu og auka rými starfsmanna til muna frá því sem áður var. Finnbogi segir að áætlað sé að verkinu verði lokið þann 10. júlí og þá muni útsendingar jafnframt hefjast á nýjan leik eftir tveggja vikna hlé.

„Það eru röskir menn og flinkir að vinna að framkvæmdunum og það hefur gengið með afbrigðum vel hjá þeim til þessa. Ég á því von á að áætlanir standist og við getum farið að þjóna Vestfirðingum á ný þann 10. júlí,“ sagði Finnbogi.

## Landsmót harmónikkufélaga hefst á Ísafirði á föstudag

# Búist við allt að 1000 gestum

Landsmót harmónikkufélaga hefst á Ísafirði á föstudag, en búast má við því að allt að 1000 manns sæki bæinn heim á meðan mótið stendur yfir ef miðað er við aðsóknartölur á mót fyrri ára.

Það er Harmónikkufélag Vestfjarða sem stendur að mótinu, sem um langt skeið hefur verið haldið á þriggja ára fresti víðs vegar um landið. Vekja mót þessi jafnan mikla athygli og er óhætt að segja að fjölmargir harmónikkudansleikir og fyrirhuguð spilamennska á torgum og túnum Ísafjarðar eigi eftir að lífga upp á bæjarlífið svo um muni. Meðal þeirra sem fram koma á mótinu eru sænsku harmónikkumeistararnir Annika Andersson og Lars Karlsson frá Svíþjóð, en einnig mun harmónikkusnillingurinn Júrí Fyodorov veita forsmekk á skemmtunum helgarinnar í Hömrum á fimmtudagskvöld.

Ásgeir S. Sigurðsson, formaður Harmónikkufélags Vestfjarða, opnar á mótinu veglegt harmónikkusafn sitt í Gamla Sjúkrahúsinu, en þar verður hægt að líta fjöldann allan af harmónikkum og fræðast um uppruna þeirra og sögu. Einnig verður á svæðinu Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum og sýnir hluta af hinu stórmerkilega og landsþekkta hljómplötusafni sínu auk þess sem hann leikur fágætar upptökur fyrir sýningargesti, m.a. frá fyrstu áratugum síðustu aldar.

Mótsstjóri landsmótsins er Pétur Bjarnason, fyrrverandi Fræðslustjóri Vestfjarða. Hann segir að stærsti viðburður mótsins sé að sínu mati opnun harmónikkusafns Ásgeirs Sigurðssonar, sem hann segir það eina sinnar tegundar á öllu landinu. „Að öðrum dagskrárliðum ólöstuðum þykir mér opnun safnsins einna merkilegust,“ segir Pétur, „Annars verður nóg um að vera á helginni og ég hvet alla Vestfirðinga, háa sem lága til þess að taka þátt í mótinu og sækja einhverjar af þeim fjölmörgu skemmtunum sem verða í boði.“


**Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra**

**Húsnæði óskast**

*Svæðisskrifstofan óskar eftir að taka á leigu húsnæði undir skammtímavistun fyrir börn. Óskað er eftir einbýlishúsi eða þriggja til fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi.*

*Húsnæðið þarf að vera staðsett sem næst miðbæ Ísafjarðar, með góðu aðgengi og garði.*

*Leigutími er frá 1. nóvember 2002. Nánari upplýsingar gefur Laufey Jónsdóttir, framkvæmdastjóri í síma 456 5224.*

**Arnar G. Hinriksson hdl.**

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

**Fasteignaviðskipti**

**Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.**



**Austurvegur 13:** Efri hæð og ris. Verð kr. 5.500.000,-. Íbúðin er laus.

**ÍSAFJÖRÐUR:**

**Austurvegur 12:** Tæplega 60 m² 3ja herb. íbúð á annarri hæð.

**Fjarðarstræti 13:** Rúml. 73m² 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð tilboð.

**Fjarðarstræti 14:** 4ra herb. íbúð á 1. hæð, 100 m², 60m² kjallari og geymsluskúr 38m². Verð kr. 5.800.000,-

**Grundargata 2:** Rúml. 60m² 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð kr. 3.000.000.- Laus.

**Hlíðarvegur 14:** Einbýlishús - kjallari, hæð og óinnréttað ris. Grunnflötur ca. 90m². Húsið er nýuppgert að mestu. Verð tilboð.

**Hlíðarvegur 16:** Lítil 3ja herb. íbúð á 2. hæð í tvíbýlishúsi. Verð kr. 3.800.000,- Laus þ. 1/11 nk.

**Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja.

**Mjallargata 1:** 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð.

**Seljaland 9:** Einbýlishús, byggt úr lerki 1995, 154,8 m² auk bílskúrs, garðhúss og svala. Verð tilboð.

**Smiðjugata 11a,** rúmlega 150m² einbýlishús, tvær hæðir, ris og kjallari ásamt litlum bílskúr.

**Stórholt 7:** 3ja herb. íbúð á 2. hæð f.m. Verð kr. 3.800.000. Laus.

**Stórholt 13:** 80 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. Góð lán áhvílandi. Gott útsýni. Verð kr. 5.500.000,-

**Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 800.000,-

**Suðurtangi 2:** 160 m² iðnaðarhúsnæði á jarðhæð, 123 m² íbúð á 2. hæð og 64,5 m² íbúð á jarðhæð.

**Túngata 18:** 90 m² 4 herb. íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega. Verð kr. 6.900.000,-

**Urðarvegur 70:** Raðhús með innb. bílskúr alls um 195m². Laust eftir samkomulagi. Verð tilboð.

**Vitastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð.

**Þjóðólfsvegur 16:** 2ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus. Verð kr. 1.300.000,-



**Traðarland 29:** Tvílyft steinhús 182 m² með innb. bílskúr. Húsið er byggt 1982. Frágangi þess að öllu lokið. Nýjar eldhúsinnréttingar, fallegur garður og sólpallur. Húsið getur losnað fljótlega. Verð kr. 8.600.00.

**BOLUNGARVÍK:**

**Heiðarbrún 2, Bolungarvík:** Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr. Laust samkv. samkomulagi.

**Höfðastígur 6:** Rúmlega 170m² íbúð á efri hæð og séríbúð í kjallara. Getur selst sitt í hvoru lagi.

**Ljósaland 6:** 256,7m² einbýlishús með innb. bílskúr. Laust. Verð kr. 4.000.000,-

**Skólastígur 19:** Rúmlega 100m² íbúð á efri hæð í parhúsi. Verð kr. 4.200.000,-. Bein sala, en skipti á einb.húsi koma til gr.

**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herb. íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.

**FLATEYRI:**

**Ólafstún 14:** 113 m² einbýlishús. Laus. kr. 2.000.000,-.

**SUÐUREYRI:**

**Hjallavegur 7:** Húsið er 176m². Á jarðhæð er séríbúð ca 60 fm. Selst í einu lagi. Húsið er laust.

**Sætún 8:** 190 m² raðhús.

**ÞINGEYRI:**

**Fjarðargata 34a:** rúmlega 100m² parhús. Húsið er laust. Verð kr. 1.700.000,-

**BÍLDUDALUR:**

**Arnarbakki 1:** 104m² einb.hús. Laust. Verð kr. 3.200.000,-

**Dalbraut 12:** 113m² einb.hús. Laust.

**PATREKSFJÖRÐUR:**

**Stekkjar 14:** 173m² tvílyft einbýlishús. Verð 4.700.000,-. Laust.

ÍSAFJARÐARBÆR

**LAUS STÖRF VIÐ GRUNNSKÓLANN Á ÍSAFIRÐI SKÓLAÁRIÐ 2002-2003**

**Skólaliði,** 100% starf, tímabundið vegna fæðingarorlofs.

**Matráður nemenda.** Um er að ræða 100% starf í mötuneyti nemenda.

**Stuðningsfulltrúi.** Um er að ræða 65% starf í sérdeild, umsjón með nemanda og almenn aðstoð í deildinni. Einkum er óskað eftir þroskaþjálfa eða fólki með uppeldismenntun.

**Starfsfólk** vantar í hlutastörf eftir hádegi í skólavist (dægradvöl).

Nánari upplýsingar veita Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri og Jóhanna Ásgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 456 3044. Herdís Hübner, deildarstjóri veitir upplýsingar um laus störf í Dægradvöl.

*Skólastjóri.*

**Ertu orðin(n) áskrifandi?**


# Hin yfirvofandi hætta

**Stakkur skrifar**

Enn blasir alvaran við íbúum Ísafjarðar. Hvíta hættan hefur verið mönnum hugleikin frá 1994. Þó hafa Ísfirðingar eins og okkar Vestfirðinga er siður borið sig mannalega og reynt að gefa hvítu hættunni langt nef. Auðvitað er hér átt við snjóflóðahættu. Hvað sem við reynum að sannfæra okkur með hinum ýmsu rökum er þó eitt ljóst. Snjóflóðin í Skutulsfirði, Súðavík og á Flateyri á árunum 1994 og 1995 tóku 35 mannslíf. Virðinguna fyrir þeim ágæta mann Kristjáni Jónassyni töldu sumir best varðveitta með því að reisa aftur skíðalyftur á Seljalandsdal. Innan við hálfu ári eftir sviplegt og ótímabært fráfall hans hófust bæjaryfirvöld á Ísafirði handa um að reisa skíðalyftur að nýju. Þó örlaði á vísindalegum vinnubrögðum, því leitað var eftir áliti snjóflóðafræðinga í Sviss, manna sem hafa einna mesta þekkingu á snjóflóðum. Sú þekking er byggð á rannsóknum bæði á sögulegum upplýsingum, raunverulegum flóðum, sem unnt hefur verið að mæla og reikna út, og líkönum. Þessir ágætu menn skiluðu skýrslu, sem virtist um tíma vera hálfgert leyniskjal. Niðurstaða hennar var þó sú, að skýrsluhöfundar mæltu gegn endurreisn skíðasvæðis á Seljalandsdal.

Þáverandi sýslumaður svaraði aðspurður af fjölmiðlum um efni og niðurstöðu skýrslunnar, um það bil mánuði eftir að snjóflóðið féll í Súðavík, þar sem 14 manns létu lífið, að skoðun sín væri sú, að ekki ætti að reisa mannvirki þar sem snjóflóð hefðu fallið væri annars kostur. Í skömmu máli urðu viðbrögð þáverandi bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar þau að samþykkja með átta samhljóða atkvæðum að sýslumanni sem jafnframt væri lögreglustjóri væri óheimilt að tjá sig um þetta mál. Enginn greiddi atkvæði gegn þessari tillögu, sem varð þar með að einstæðri samþykkt í stjórnmálasögu Íslands. Níu manna bæjarstjórn taldi rétt að svipta embættismann lýðveldisins Íslands, sem hafði sérstökum skyldum að gegna, frelsi til að tjá sig um hluti, er hann hafði óneitanlega þurft, starfs síns vegna að fjalla um með ýmsum hætti.

Átta mánuðum síðar féll snjóflóðið á Flateyri. Þar féllu 20 menn. En uppbygging skíðasvæðisins hélt áfram. Í mars 1999 féll aftur snjóflóð á skíðasvæðið á Seljalandsdal og nýreist mannvirki féllu. Þau hafa ekki verið endurreist. En mjög skammt er samt frá því lokið var við snjóflóðavörn við sorpbrennslustöðina Funa. Á hana féll snjóflóð rétt rúmum hálfum sólarhring fyrir stóra snjóflóðið á Flateyri. Öllum hugsandi mönnum má vera ljóst að ekki dugar að afneita staðreyndum. Hvíta hættan vofir yfir. Vísindamenn eru að taka nokkurt frumkvæði á grundvelli pólitískra ákvarðana. Hættumatið nýja eiga menn að ræða fordómalaust og á hlutlægan, en um leið yfirvegaðan hátt. Stóryrði eiga ekki lengur rétt á sér, áttu það reyndar aldrei fremur en sleggjudómar um embættismann er sinnti skyldum sínum. Hvíta hættan er ein margra er vofir yfir Íslendingum. Jarðskjálftar og eldgos eru einnig þar á meðal. En engin hefur kostað jafn mörg mannslíf í Íslandssögunni og snjóflóð, vel á sjöunda hundrað. Eldgos og jarðskjálftar standa þar fleiri hundruðum að baki. Slysfarir aðrar koma næst. Nú er ógnin orðin mest af mannavöldum í umferðinni. Hugsunarhátturinn sem þar ræður er sá sem ráðið hefur um of í umræðu um hvítu hættuna, skeytingarleysi og sú dapurlega staðreynd að láta skynsemina víkja. Þessu þarf að breyta í báðum tilvikum.

**Netspurningin**

**Spurt var:**

***Ertu sátt(ur) við skýrslu Veðurstofunnar um snjóflóðahættu á Ísafirði og í Hnífsdal?***

**Alls svöruðu 324.**
**Já sögðu 108 eða 33,33%**
**Nei sögðu 52,78 eða 52,78%**
**Hlutlausir voru 45 eða 13,89%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

***Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.*




*Ólafur Th. Árnason á nálgast markið eftir rúmlega 21 kíló-meters hlaup.*

## Óshlíðarhlaupið 2002

# Ólafur Th. Árnason sigraði í hálfmaraþoni

Ólafur Th. Árnason sigraði í hálfmaraþoni (21 km.) í hinu árlega Óshlíðarhlaupi sem fram fór á laugardag. Að venju var hlaupið hálfmaraþon frá Bolungarvík um Óshlíð til Ísafjarðar, en tíu km. hlaup og fjögurra km. skemmtiskokk var farið frá Hnífsdal og á Ísafirði.

Um áttatíu manns tóku þátt í hlaupinu í ár, sem er heldur minna en verið hefur. Mun fækkunin aðallega vera úr röðum skemmtiskokkara. Ólafur hljóp hálfmaraþonið á einni klukkustund og stundarfjórðungi, en næstur á eftir honum var Sveinn Erntsson. Aðeins skeikaði 16 sekúndum á tímum Ólafs og Sveins.

Af þeim sem hlupu tíu kílómetra var Unnþór Jónsson röskastur, en það gerði hann á rétt rúmum fjörutíu mínútum. Fljótastur að hlaupa fjóra kílómetra var Ingólfur Jón Línberg Halldórsson, sem kom í mark eftir um 22 mínútur við mikinn fögnuð áhorfenda. Ánægjulegt er að greina frá því að Vestfirðingar áttu sigurvegarann í öllum vegalengdum sem hlaupnar voru, en að venju tók fjöldi fótfrárra hlaupagarpa víða af landinu þátt í Óshlíðarhlaupinu í ár.



*Húnar um borð í Guðnýju, skipi Hornstranda, sem sigldi með fólkið.*

# Húnarnir dvöldu vestra í veðurblíðu

Látramaðurinn Kjartan Th. Ólafsson, sem býr á Selfossi líkt og yfirvaldið sonur hans, kom vestur um liðna helgi við ellefta mann. Með Kjartani í för voru félagar hans í óformlegum félagsskap sem gengur syðra undir nafninu „Húnarnir", þar sem fólkið hangir á hurðarhúni sundhallar Selfoss alla morgna. „Við ákváðum að fara saman í ferðalag. Gestur Halldórsson, annar Vestfirðingur úr hópnum, var búinn að segja frá því að fyrir vestan væri alltaf gott veður og því var ákveðið að aka vestur á firði", segir Kjartan.

Þegar ekið hafði verið í „Strandafýlu", þ.e.a.s. þoku, á Þorskafjarðarheiði, var komið niður í Ísafjarðardjúp. Ekki þurftu Gestur og Kjartan að draga í land með yfirlýsingar um veðurblíðu, því bjart var og fagurt yfir Djúpinu. „Við gistum í Reykjanesi en héldum svo áfram til Ísafjarðar á föstudag. Þar fengum við okkur hressingu í Faktorshúsi í Hæstakaupstað, en gistum svo í Gamla gistihúsinu þar sem öll aðstaða var frábær. Húsið var að hruni komið síðast þegar ég sá það, en augljóslega hefur mikið verið unnið að endurbótum, því nú var öll aðstaða til fyrirmyndar".

Á laugardag fóru Húnarnir í siglingu. „Við tókum stefnuna rakleitt á Straumnesfjall. Þaðan sigldum við til Látra og Sæbóls, framhjá Sléttu og Hesteyri, en því miður gafst ekki tími til að fara í land. Það gerðum við hins vegar í Vigur þar sem við þáðum veitingar. Við komum síðan aftur til Ísafjarðar um kvöldið eftir sjö tíma ferð og fórum suður aftur næsta dag", segir Kjartan Th. Ólafsson.

MASSI þrif og vernd

stigagangar / sameignir

Stigagangar með teppi:
Ryksugun einu sinni í viku
Djúphreinsun einu sinni á ári
Þrif á veggjum einu sinni á ári
Gluggar (að innan) hreinsaðir einu sinni í mánuði

Verð á íbúð per mánuð
kr. 1.500 + vsk

Stigagangar með dúka:
Skúrað einu sinni í viku
Bónað fjórum sinnum á ári
-ekki innifalin fyrsta bónun
Þrif á veggjum einu sinni á ári
Gluggar (að innan) hreinsaðir einu sinni í mánuði

Sími 456 5198
Netfang: massihome@simnet.is
• Áskilum okkur rétt til að hafna hvaða verkefni sem er
Önnur þjónusta hjá MASSA / þrífum teppi, mottur, bíla glugga, bónum gólf og margt fleira



# helgardagbókin

**skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf**

## veðrið

**Horfur á fimmtudag:**
Hæð norðlæg eða breytileg átt, víða léttskýjað einkum vestantil. Hiti 8-18 stig, hlýjast vestanlands.
**Horfur á föstudag:**
Hæg suðlæg eða breytileg átt, léttskýjað norðaustantil, en annars skýjað að mestu. Hiti breytist lítið.
**Horfur á laugardag:**
Hæg suðlæg eða breytileg átt, léttskýjað norðaustantil, en annars skýjað að mestu. Hiti breytist lítið.
**Horfur á sunnudag:**
Fremur hæg austlæg átt, dálítil rigning víðast hvar og kólnar lítillega.
**Horfur á mánudag:**
Vestlæg átt, rigning eða skúrir og kólnar heldur í veðri.

## netið

**www.vestfirdir.is/harmonika**

Heimasíða Harmonikufélags Vestfjarða. Á síðunni má finna upplýsingar um félagið, sögu þess og tengiliði. Einnig má skoða dagskrá landsmóts harmonikuunnenda sem haldið verður á Ísafirði um næstu helgi og heilan helling af nytsamlegum upplýsingum um mótið, svo sem staðsetningu tjaldstæða og annað slíkt.

## fréttir

### Jafntefli hjá BÍ og Gróttu

Boltafélag Ísafjarðar (BÍ) gerði 2-2 jafntefli við Gróttu frá Seltjarnarnesi á sunnudag, en Gróttumenn höfðu degi áður unnið Ungmennafélag Bolungarvíkur 5-1 á Skeiðisvelli. Jafnteflið færir BÍ upp í fjórða sæti B-riðils 3. deildar, en liðið hefur nú hlotið 5 stig eftir jafnmarga leiki. Ísfirðingar voru einu marki undir í hálfleik, jöfnuðu og fengu skömmu síðar annað mark á sig. Ísfirðingar jöfnuðu aftur og þjörmuðu að Gróttumönnum síðustu mínútur leiksins.

## SJÓNVARPIÐ

### Föstudagur 5. júlí

**17.00 Lífskraftur (6:12)**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stubbarnir (38:90)**
**18.30 Falda myndavélin (27:60)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Ævintýri Indiana Jones (5:22)**
**21.45 Handagangur í öskjunni.** *(Picking Up the Pieces)* Bandarísk gamanmynd frá 2000. Kjötkaupmaður í smábæ í Nýju-Mexíkó myrðir konu sína og bútar hana niður. Hann týnir annarri hendi hennar sem upp frá því virðist geta gert kraftaverk. *Meðal leikenda eru Woody Allen, Angélica Aragón, Alfonso Arau, Kiefer Sutherland, Sharon Stone, David Schwimmer og Maria Grazia Cucinotta.*
**23.20 Gullmótin.** Sýnt frá keppni bestu frjálsíþróttamanna heims sem fram fór í París í kvöld.
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Laugardagur 6. júlí

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**09.02 Stubbarnir (39:90)**
**09.30 Maja (13:52)**
**09.37 Albertína ballerína (17:26)**
**09.45 Litlu skrímslin (52:52)**
**09.54 Friðþjófur (8:13)**
**10.00 Krakkarnir í stofu 402 (15:40)**
**10.25 Hundrað góðverk (3:20)**
**11.50 Formúla 1.** Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn á Silverstone-brautinni í Bretlandi.
**13.15 Kastljósið**
**13.40 Hvernig sem viðrar (6:10)**
**14.05 Skjáleikurinn**
**15.00 Jolli.** Eyjólfur Sverrisson hefur verið atvinnumaður í fótbolta í 13 ár. Hann ætlaði að hætta í vor en ákvað að bæta einu ári við hjá Herthu Berlín. Fáir knattspyrnumenn hafa náð jafn langt og Eyjólfur, þrátt fyrir að hann hafi aldrei leikið í efstu deild á Íslandi. Í þættinum er Eyjólfur sóttur heim til Berlínar og að auki rætt við ýmsa sem þekkja hann vel.
**15.30 Gullmót í frjálsum íþróttum**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Forskot (19:40)**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Silas frændi (6:6)** *(My Uncle Silas)* Breskur myndaflokkur byggður á sögum eftir H.E. Bates, höfund "The Darling Buds of May". Þættirnir eru í léttum dúr, gerast í enskri sveit snemma á síðustu öld og segja frá tíu ára strák sem fer til sumardvalar hjá karlinum Silasi, og fjörugu lífinu í kringum hann. *Aðalhlutverk: Albert Finney, Charlotte Rampling, Sue Johnston, Lynda Bellingham og Joe Prospero.*
**20.30 Skin og skúrir.** *(Storm in Summer)* Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1999 sem fjallar um líf og tilveru tveggja vina sem eiga margt sameiginlegt þótt mikill aldursmunur sé á milli þeirra. *Aðalhlutverk: Peter Falk, Aaron Meeks, Andrew McCarthy og Nastassja Kinski.*
**22.05 Ránið í Tórínó.** *(The Italian Job)* Bíómynd frá frá 1969. Charlie Croker, slyngur þjófur, er leystur úr haldi eftir 2 ár. *Aðalhlutverk: Michael Caine og Noel Coward.*
**23.45 Skuggaveröld.** *(Stir of Echoes)* Hrollvekja frá 1999 um mann sem lendir í undarlegri atburðarás eftir að hann er dáleiddur. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa áhorfendum yngri en 16 ára. e. *Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kathryn Erbe og Ileana Douglas.*
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Sunnudagur 7. júlí

**09.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**09.02 Gullbrá og birnirnir þrír**
**09.57 Andarteppa (15:26)**
**10.10 Gleymdu leikföngin (12:13)**
**10.23 Ungur uppfinningamaður**
**10.45 Svona erum við**
**11.00 Kastljósið**
**11.20 Hvernig sem viðrar (6:10)**
**11.40 Formúla 1.** Bein útsending frá kappakstrinum á Siverstonebrautinni í Bretlandi.
**14.00 Landsmót hestamanna.** Bein útsending frá Vindheimamelum í Skagafirði.
**15.55 Timburmenn (4:8)**
**16.05 Mannsandlitið (3:4)**
**17.00 Geimferðin (26:26)**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Jói og þrumuskotið**
**18.15 Umhverfis jörðina**
**18.30 Haraldur og borgin ósýnilega**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Sigla himinfley (3:4)** Leikin þáttaröð eftir Þráin Bertelsson sem fjallar um fólkið í Eyjum, líf þess og samfélag. *Aðalhlutverk: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Ingvar E. Sigurðsson, Gísli Halldórsson, Vadimar Flygenring og Rúrik Haraldsson.*
**20.50 Bláa dúfan (1:8).** *(Blue Dove)* Breskur myndaflokkur um fjölskyldu sem rekur postulínsverksmiðju. Þegar forstjórinn deyr taka börnin við. Reksturinn gengur illa og börnin fá liðsauka en bjargvætturin hefur annað í huga en að bjarga fyrirtækinu. *Í aðalhlutverkum eru Paul Nicholls, EstherHall, Nicky Henson, Ruth Gemmell, Stephen Boxer og James Callis.*
**21.40 Helgarsportið**
**22.05 Blekkingavefur.** *(Au coeur du mensonge)* Frönsk bíómynd frá 1999. Tíu ára stúlka er myrt í smábæ á Bretagne-skaga og grunur fellur á myndmenntarkennarann hennar. *Aðalhlutverk: Sandrine Bonnaire, Jacques Gamblin, Antoine de Caunes og Valeria Bruni Tedeschi.*
**23.55 Kastljósið**
**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## Stöð 2

### Föstudagur 5. júlí

**06.58 Ísland í bítið**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Í fínu formi**
**09.35 Oprah Winfrey (e)**
**10.20 Ísland í bítið**
**12.00 Neighbours**
**12.30 Í fínu formi**
**12.45 Murphy Brown (e)**
**13.10 There´s Something About Mary**
**15.05 Andrea (e)**
**15.30 Ved Stillebækken (1:26) (e)**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2 (e)**
**17.40 Neighbours**
**18.05 Friends (23:24) (e)**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Brother the Pig.** *(Svínið hann bróðir minn)* Hinn átta ára George er mikill prakkari og getur ekki staðist að hrekkja barnfóstruna sína er foreldrarnir bregða sér í burtu. En hann veit ekki að barnfóstran er göldrótt og vissara fyrir hann að róta ekki í eigum hennar. Annars gæti hann breyst í lítinn grís! *Aðalhlutverk: Judge Reinhold, Scarlett Johansson, Alex D. Linz.*
**21.05 Haven (2:2)** *(Griðarstaður)* Framhaldsmynd mánaðarins er byggð á sannsögulegum atburðum og gerist í síðari heimsstyrjöldinni. Ruth Gruber er hugrökk kona sem ferðast til stríðshrjáðrar Evrópu árið 1944 til þess að hjálpa þúsund gyðingum að flýja til Bandaríkjanna. Hún tengist hópnum tilfinningalegum böndum og heldur baráttunni áfram þegar til fyrirheitna landsins er komið. *Aðalhlutverk: Natasha Richardson, Colm Feore.*
**22.40 Bless the Child.** *(Blessað barnið)* Yfirnáttúruleg spennumynd um konu sem tekur að sér uppeldi systurdóttur sinnar þegar systir hennar hverfur. Síðar kemur í ljós að stúlkan býr yfir sérstökum kröftum sem hún notar eingöngu til góðra verka. Sértrúarflokkur kemst á snoðir um hæfileika stúlkunnar og reynir að handsama hana til að kalla fram hið illa. Frænkurnar komast undan og hefst þá sígild barátta góðs og ills. *Aðalhlutverk: Kim Basinger, Jimmy Smits, Christina Ricci.*
**00.25 There´s Something About Mary** *(Það er eitthvað við Mary)* Ærslafull gamanmynd sem á fáa sína líka. Ted Stroehmann á erfitt með að gleyma hinni þokkafullu Mary og ræður einkaspæjara til þess að hafa uppi á stúlkunni. En það versnar heldur betur í því þegar spæjarinn fellur einnig fyrir Mary! *Aðalhlutverk: Matt Dillon, Ben Stiller, Cameron Diaz.*
**02.20 Bad Medicine.** *(Læknaskólinn)* Jeff Marz dreymir um að verða læknir en einkunnirnar hans eru langt í frá nógu góðar til þess að hann komist í læknanám í Bandaríkjunum. En það eru aðrar leiðir færar og þegar honum býðst gullið tækifæri til að nema læknisfræði í Suður-Ameríku stekkur hann upp í næstu flugvél. Jeff er ákveðinn í að láta drauminn rætast þrátt fyrir að aðstæðurnar til námsins séu ekki beint til fyrirmyndar. *Aðalhlutverk: Alan Arkin, Steve Guttenberg, Julie Hagerty.*
**03.55 Ísland í dag**
**04.20 Tónlistarmyndbönd**

### Laugardagur 6. júlí

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 Friends (1:24) (e)**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.45 60 Minutes**
**14.30 The Spying Game (4:4)**
**15.20 Best í bítið**
**15.45 Almost Heroes**
**17.10 The Naked Chef (8:8) (e)**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Lottó**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Dharma & Greg (18:24)**
**20.00 Friends (24:24)**
**20.30 Superstar.** *(Stórstjarna)* Munaðarleysinginn Mary á ekki sjö dagana sæla í skólanum sínum en elur með sér þann draum að verða kysst tilfinningaríkum kossi.Hún sannfærir sjálfa sig um að eina leiðin að þessu markmiði sínu sé að verða fræg og öllum stundum upphugsar hún ráð sem gera hana að súperstjörnu. Tækifærið gefst loks þegar hæfileikakeppni er haldin í skólanum. Helsti keppnautur hennar er vinsælasta stelpan í skólanum og nú er bara að sjá hvor hefur betur, litla ljót eða fegurðardrottningin. *Aðalhlutverk: Molly Shannon, Will Ferrell, Elaine Hendrix.*
**21.55 Bedazzled.** *(Heillaður)* Elliot Richards lætur lítið fyrir sér fara og hefur ekki látið mikið að sér kveða hingað til en það á eftir að breytast. Elliot hefur gert samning við sjálfan djöfulinn. Fyrir sálu sína fær hann sjö óskir en þær eru vægast sagt dýru verði keyptar. *Aðalhlutverk: Brendan Fraser, Elizabeth Hurley, Frances O´Connor, Miriam Shor.*
**23.30 The Pallbearer.** *(Líkmaðurinn)* Tom Thompson er beðinn að flytja líkræðu yfir látnum skólafélaga sínum sem hann man raunar ekkert eftir. Hann hittir þar stúlkuna sem hann var svo hrifinn af á skólaárunum en hún kemur honum ekki fyrir sig. Tom lendir í svo enn meiri flækju er móðir hins látna leitar á hann. *Aðalhlutverk: Barbara Hershey, David Schwimmer, Gwyneth Paltrow.*
**01.05 The French Connection.** *(Franska sambandið)* Grunaðir eiturlyfjasmyglarar eru undir eftirliti lögreglumannsins Popeye Doyle sem svífst einskis til þess að koma bófum á bak við lás og slá. Einn besti krimmi sem hefur verið sýndur á hvíta tjaldinu. Myndin fékk Óskarinn og kom fáum á óvart að Gene Hackman hlaut einnig Óskarinn fyrir magnaða túlkun sína á hinum harðneskjulega Popeye Doyle. *Aðalhlutverk: Fernando Rey, Gene Hackman, Roy Scheider, Tony Lobianco.*
**02.50 Tónlistarmyndbönd**

### Sunnudagur 7. júlí

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.10 The Simpsons (12:21) (e)**
**11.35 Undeclared (1:17) (e)**
**12.00 Neighbours**
**13.50 Mótorsport (e)**
**14.15 Eric Clapton**
**15.00 Fairy Tale - A True Story**
**16.50 Þorsteinn J. (5:12) (e)**
**17.15 Andrea (e)**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The Education of Max Bickford**
**20.20 Random Passage (1:8)** *(Út í óvissuna)* Þessi áhrifamikla þáttaröð fjallar um erfiða ferð konu frá Englandi til Nýfundnalands seint á 19. öld. Hún verður fyrir miklum raunum á leiðinni og neyðist til að berjast fyrir frelsi sínu og barnsins síns eftir að barnsfaðirinn yfirgaf hana.
**21.55 The Only Thrill.** *(Þetta eina)* Þessi dramatíska mynd fjallar um Reece McHenry sem opnar verslun með notuð föt í heimabæ sínum. Eiginkona Reece hefur legið lengi í dái og er engin von um að hún vakni úr því. Reece ræður til sín aðstoðarkonuna Carol og með þeim hefst ástarsamband sem varir í yfir þrjátíu ár. Málið flækist hins vegar mikið þegar sonur Reece og dóttir Carol verða ástfangin hvort af öðru. *Aðalhlutverk: Diane Keaton, Diane Lane, Sam Shepard.*
**23.40 Gloria.** Gloria er sannkallað hörkukvendi. Hún hræðist ekki neitt og fer sínu fram. Þjrú ár í fangelsi hafa samt markað djúp spor og þegar hún kemur til New York er framtíðin ekki björt. Vandræðin elta hana uppi og fljótlega er mafían á hælum hennar. Nicky, sex ára munaðarlaus drengur, er í sömu sporum og Gloria en þau hafa aðeins á hvort annað að treysta í baráttunni fyrir lífinu. *Aðalhlutverk: Sharon Stone, Jean-Luke Figueroa, Jeremy Northam, Cathy Moriarty, George C. Scott.*
**01.25 Cold Feet 2 (3:6) (e)**
**02.15 Tónlistarmyndbönd**



## Í dansi við djöfulinn

***Stórsjarmörinn Brendan Fraser og ofurskutlan Elizabeth Hurley fara á kostum í gamanmyndinni Bedazzled, eða Heillaður sem Stöð 2 sýnir kl. 21:55 á laugardagskvöld. Brendan leikur feiminn mann sem lætur lítið fyrir sér fara og hefur aldrei látið sérlega mikið að sér kveða í lífinu. Þetta breytist þó stórlega þegar djöfullinn í líki Hurley gerir samning við hann. Fyrir sálu sína fær hann sjö óskir en það er óhætt að fullyrða að þær eru dýru verði keyptar.***

## Sýn

### Föstudagur 5. júlí

**18.30 Íþróttir um allan heim**
**19.30 Gillette-sportpakkinn**
**20.00 South Park (14:14)**
**20.30 South Park (4:14)**
**21.00 City of Lost Children.** *(Borg hinna týndu barna)* Skemmtileg kvikmynd í vísindaskáldsögustíl. Krank er óforskammaður vísindamaður sem vílar ekkert fyrir sér. Hann rænir börnum til þess að komast yfir drauma þeirra en verður lítt ágengt. Krakkarnir eru svo hræddir við Krank að hann fær bara martraðir þeirra! Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: Ron Perlman, Daniel Emilfork, Judith Vittet, Dominique Pinon.*
**22.50** Sweeney Todd. Hrollvekjandi sjónvarpsmynd. Hárskerinn Sweeney Todd gerir fleira en að skera hár á höfði manna. Og þeir sem setjast í stólinn hjá honum eiga ekki allir afturkvæmt. En hvaða leynimakk er í gangi hjá honum og slátraranum, henni frú Lovett? Og af hverju er kjötið hjá henni alltaf svo undarlegt á bragðið? *Aðalhlutverk: Ben Kingsley, Campbell Scott , Joanna Lumley, Selina Boyack.*
**00.20 Nickeldeon.** *(Gamla bíó)* Mynd sem gerist árið 1910. Kvikmyndir njóta gífurlegra vinsælda. Fjöldi fólks hefur atvinnu af kvikmyndum og miklir fjármunir eru í húfi. Ráðandi fyrirtæki á þessu sviði beitir öllum brögðum til að halda yfirburðum sínum. Lögfræðingurinn Leo Taylor Harringan hrífst af þessum nýja miðli og ákveður að freista gæfunnar. *Aðalhlutverk: Ryan O´Neal, Burt Reynolds, Tatum O´Neal.*
**02.15 Dagskrárlok og skjáleikur**

### Laugardagur 6. júlí

**18.00 Íþróttir um allan heim**
**18.50 Lottó**
**19.00 Highlander (17:22)**
**20.00 MAD TV.** Geggjaður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Heiti þáttarins dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.
**21.00 Rocky.** Heimsfræg Óskarsverðlaunamynd sem kom Sylvester Stallone á kortið. Myndin fjallar um boxarann Rocky Balboa. Hann vinnur í verksmiðju en fær stóra tækifærið þegar þungavigtarmeistarinn Apollo Creed heimsækir heimaborg hans. Sýndarbardagi er settur á svið til að auka hróður meistarans en Rocky gerir sér grein fyrir að þetta er eina tækifærið hans og leggur því allt í sölurnar. *Aðalhlutverk: Sylvester Stallone, Talia Shire, Burt Young.*
**22.55 Rocky II.** Rocky Balboa öðlaðist heimsfrægð eftir bardagann við hnefaleikakappann Apollo Creed. Rocky er samt ekki fyllilega sáttur við lífið og virðist eilítið rótlaus. Apollo krefst þess að mæta honum öðru sinni og kannski er það einmitt það sem Rocky þarf á að halda. *Aðalhlutverk: Sylvester Stallone, Talia Shire, Burt Young, Carl Weathers.*

## Sölubörn og umboðsaðili

*Sölubörn vantar til afleysinga í sumar á Ísafirði. Einnig er laus starf umboðsmanns blaðsins í Súðavík.*

*Hafið samband við Sigurjón eða Halldór í síma 456 4560 sem fyrst.*

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús

Harmonikuball á föstudagskvöld

Viðar og Matti á Vagninum Flateyri laugardagskvöld

**00.50 Hnefaleikar - Naseem Hamed.** Útsending frá hnefaleikakeppni í London. Á meðal þeirra sem mættust voru Prinsinn Naseem Hamed og Manuel Calvo. Áður á dagskrá 18. maí 2002.
**02.50 Out to Get Her.** Erótísk kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
**04.10 Dagskrárlok og skjáleikur**

### Sunnudagur 7. júlí

**18.50 Toyota-mótaröðin í golfi.** Allir fremstu kylfingar landsins koma við sögu í Toyota-mótaröðinni. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn á öllum aldri.
**19.30 US PGA Tour**
**20.00 Golfmót í Bandaríkjunum**
**21.00 One Fine Day.** *(Einn góðan veðurdag)* Rómantísk gamanmynd. Melanie Parker er einstæð móðir og dugmikill arkitekt. Jack Taylor er hins vegar fráskilinn blaðamaður sem hefur dóttur sína hjá sér aðra hverja helgi. Bæði hafa fengið nóg af hinu kyninu og gæta þess ávallt að halda því í hæfilegri fjarlægð. Þegar þau kynnast eiga þau síst von á því að verða ástfangin enda eiga þau ekkert sameiginlegt. En ástin fer sínar eigin leiðir. *Aðalhlutverk: George Clooney, Michelle Pfeiffer, Mae Whitman.*
**22.45 One Good Turn.** *(Greiði fyrir greiða)* Spennandi mynd um forritarann Matt sem vinnur við það að búa til leiki í heimilistölvur. Dag einn hittir hann Simon, gamlan kunningja sem hafði bjargað honum úr brennandi bíl nokkrum árum áður. Simon lifir eins og róni og Matt finnst það vera skylda sín að aðstoða hann og útvegar honum vinnu. En það sem Matt veit ekki er að það var ekki fyrir tilviljun sem hann rakst á Simon. *Aðalhlutverk: James Remar, Audie England, Lenny Von Dohlen, John Savage.*
**00.15 Dad Savage.** *(Blómabófinn)* Bresk spennumynd. Savage ræktar túlípana með góðum árangri og rekur sömuleiðis nokkuð umsvifamikla glæpastarfsemi. Hann hefur hagnast vel og geymir peningana á góðum stað sem enginn veit um nema hann sjálfur. Tveir starfsmenn hans eru ákveðnir í að finna felustaðinn og hirða féð. Ráðagerðin fer hins vegar út um þúfur og þeir eiga fótum sínum fjör að launa. *Aðalhlutverk: Patrick Stewart, Kevin McKidd, Helen Mc Crory.*
**02.00 Dagskrárlok og skjáleikur**

SKJÁREINN

### Föstudagur 5. júlí

**17:30 Muzik.is**
**18:30 Hjartsláttur í strætó (e)**
**19:30 Yes dear (e)** Það er svo sannarlega ekki tekið út með sældinni að vera foreldri, hvað þá fullkomið foreldri. Nýir og sprenghlægilegir þættir um systurnar Kim og Christine sem hafa vægast sagt ólíkar hugmyndir um foreldrahlutverkið.
**20:00 Jackass.** Bandarísk þáttaröð frá MTV um prakkarastrik og asnaskap. Johnny Knoxville og meðreiðarsveinar hans eru enn og aftur sloppnir af hælinu og sýna nú vafasamar listir sínar á brettum, hjólum og öðrum þeim farartækjum sem þeir finna.
**20:30 Grillpinnar.** Grillpinnarnir og stuðboltarnir Róbert Ólafsson (Robbi) og Þórir Erlingsson (Dódó) bjóða í grillpartí á SKJÁ*EINUM* í sumar. Þeir félagar eru grillmeistarar hjá TGI Friday's á Íslandi og auk starfa sinna þar munu þeir skella sér í sveitina og grilla ofan í vel þekkta, misþekkta og jafnvel lítið þekkta Íslendinga. Gestir kvöldsins eru þau Birgitta Haukdal Hanni kærastinn hennar og Íris og Egill í Ber.
**21:00 Traders.** Kanadísk þáttaröð um líf og störf verðbréfasala, ástir þeirra og örlög. Fylgst er með baráttu félaganna hjá Gardner-Ross í viðskiptaheiminum, fjandsamlegum yfirtökum, miklum gróða og stóru tapi
**22:00 Djúpa laugin.**
**23:00 Will & Grace (e)** Innanhússhönnuðurinn Grace Adler og lögfræðingurinn Will Truman eru vinir og nágrannar. Ásamt aðstoðarkonu Grace, Karen, og æskufélaga Wills, Jack. Þættirnir hafa fengið frábærar viðtökur enda er þarna á ferðinni gæðagrín og glens. Þættirnir eru margverðlaunaðir.
**23:30 According to Jim (e)**
**00:00 Law & Order (e)**
**00:50 Jay Leno (e)**
**01:40 Muzik.is**

### Laugardagur 6. júlí

**15:00 Grillpinnar (e)**
**15:30 Djúpa laugin (e)**
**16:30 Jay Leno (e)**
**17:30 Judging Amy (e)**
**18:30 Dateline (e)** Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórnendur þáttarins eru allir mjög þekktir og virtir fréttamenn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver.
**19:30 Sledgehammer (e)**
**20:00 Malcolm in the middle.** Þessir frábæru gamanþættir hafa hlotið verðskuldaða athygli víða um heim. Þættirnir fjalla um hinn ofurgáfaða Malcolm , bræður hans og foreldra sem geta ekki beinlínis kallast mannvitsbrekkur. Drengurinn á við það vandamál að stríða að vera gáfaðastur ífjölskyldunni en það er svosannarlega enginn leikur.
**21:00 Klassíski klukkutíminn.** Fylgist með, rifjið upp kynnin við gamla kunningja og nýja, og látið laugardagskvöldin koma ykkur á óvart.
**22:00 Profiler.** Réttarsálfræðingurinn Rachel er allra kvenna gleggst á hegðun glæpamanna og ásamt sérsveit FBI í Atlanta fær hún til rannsóknar erfiðustu glæpamálin. Baráttan fyrir betri heimi litar líf hennar allt og hún á í miklum innri átökum vegna fórnanna sem hún færir. Á hælum hennar er ósvífinn raðmorðingi, sem grípur öll tækifæri til að hrella hana.
**22:50 Bíómynd (e)**
**00:20 Jay Leno (e)**
**02:10 Muzik.is**

### Sunnudagur 7. júlí

**15:00 Jay Leno (e)**
**16:00 48 Hours**
**17:00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)**
**18:00 Providence (e)**
**19:00 According to Jim (e)** Bandarísk þáttaröð með Jim Belushi og Courtney Thorne-Smith í aðalhlutverkum. Jim leikur jarðbundinn vertaka og blúsara sem veit að lykillinn að góðu hjónabandi er að kinka kolli þegar konan segir eitthvað. Honum kemur líka vel saman við börnin því hann er ekki beint vaxinn upp úr barndómi sjálfur. Inn í líf þeirra spila síðan systkini Courtney sem eru hið besta fólk en vandræðagripir jafnvel þegar best lætur.
**19:30 Grillpinnar (e)** Grillpinnarnir og stuðboltarnir Róbert Ólafsson (Robbi) og Þórir Erlingsson (Dódó) bjóða í grillpartí á SKJÁ*EINUM* í sumar. Þeir félagar eru grillmeistarar hjá TGI Friday's á Íslandi og auk starfa sinna þar munu þeir skella sér í sveitina og grilla ofan í vel þekkta, misþekkta og jafnvel lítið þekkta Íslendinga. Þeir ætla að kenna áhorfendum SKJÁSEINS hvernig best er að bera sig við grillið og bera fram ljúffenga kjúklinga-, lamba-, nauta- og svínakjötsrétti. Nú er bara málið að drífa sig út að grilla og hækka meðalhitann yfir landinu! Gestir kvöldsins eru þau Birgitta Haukdal Hanni kærastinn hennar og Íris og Egill í Ber.
**20:00 The King of Queens.** Bandarísk gamanþáttaröð um Doug Hefferman, sendil í New York sem gerir ekki miklar kröfur til lífsins. Meðal þess sem honum þykir vænst um er 70 tommu sjónvarp sem eiginkonan gaf honum en nú er tengdapabbinn fluttur inn í sjónvarpsherbergið og það hefur í för með sér talsverðar breytinga á einfaldri tilveru Dougs.
**20:30 Will& Grace – Lokaþáttur**
**21:00 Citizen Baines.** Þingmaðurinn Elliott Baines vaknar upp við vondan draum. Skoðanakannanir sýna að hætta er á að hann missi þingsæti sitt. Hann gerir því örvæntingarfulla tilraun til að halda sætinu. Reeva, dóttir hans kemur að manni sínum með annarri konu.
**21:45 Dateline.**
**22:30 Survivor IV (e)**
**23:15 Traders (e)** Í dramaþættinum Traders er fjallað um hóp fólks í sem vinnur við verðbréfamiðlun í banka. Það er stutt milli hláturs og gráturs í þessum heimi þar sem breytingar eru miklar og þær hafa ekki einugis áhrif á vinnu þessa fólks heldur tekur sinn toll í einkalífinu.
**00:15 Deadline (e)**
**00:45 Muzik.is**

Fasteignaviðskipti



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang:
tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús:
**Hlíðarvegur 14:** 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**
**Hlíðarvegur 46:** 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni Séríbúð á neðsta hæð. Skipti á minni eign möguleg.
**Verð 8,9 m.kr.**
**Hrannargata 1:** 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði.
**Verð 9,7 m.kr.**
**Lyngholt 10:** 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55.2 m² bílskúr.
**Verð 12,9 m.kr.**
**Móholt 9:** 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr.
**Verð 12,9 m.kr.**
**Seljalandsvegur 69:** 180,6 m² einb.hús á tveimur hæðum ásamt innb. bílskúr. **Verð 10,7 m.kr.**
**Smiðjugata 11a:** 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**
**Urðarvegur 27:** 190,5 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. **Verð 13,5 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:
**Smiðjugata 7:** 56,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi.
**Tilboð óskast**

3ja herbergja íbúðir:
**Pólgata 6:** 70 m² íbúð á 1. hæð til hægri í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 3,7 m.kr.**
**Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi). Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
**Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu
**Verð 4,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:
**Aðalstræti 24:** 74,6 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangrað. **Tilboð óskast**
**Aðalstræti 24:** 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangrað. **Tilboð óskast**
**Brunngata 12a:** 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð.
**Tilboð óskast**
**Engjavegur 33:** 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi.
**Tilboð óskast**
**Hlíðarvegur 27:** 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**
**Hlíf II, Torfnesi:** 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax.
**Verð 6,3 m.kr.**
**Seljalandsvegur 58:** 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr.
**Tilboð óskast**
**Sundstræti 22:** 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi.
**Verð 4 m.kr.**
**Túngata 3:** 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt risolofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði:
**Sindragata:** veiðafærageymsla, tvö bil, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. **Tilboð óskast**
**Sindragata 14:** 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**

Suðureyri:
Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
**Aðalgata 2:** 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

www.bb.is/tg

Hvað er að ske? Á helginni
5. JÚLÍ - 8. JÚLÍ



PANIC ROOM
Mögnuð spennumynd
★★★ DV
★★★ Kvikmyndir.com
Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9
Bönnuð innan 16



Rúnar Þór og Örn Jóns
STUÐ Í KRÚSINNI Á LAUGARDAGSKVÖLD
TILBOÐ Á FREYÐANDI

HARMONIKKUBÖLL
Bæði í Krúsinni og Sjallanum
Á föstudagskvöld til 03.

Pöbb + Diskó
Laugardagskvöld til 03 18 ár
Frábær tilboð á þessum freyðandi
á fimmtudagskv. og laugardagskv.

FRUMHERJI HF

# Lokað vegna sumarleyfis

*Skoðunarstöð Frumherja á Ísafirði verður lokuð frá og með 15. júlí til 6. ágúst vegna sumarleyfis.*

*Tímapantanir eru í síma 570 9000. Þó er opið vegna númeraafgreiðslu virka daga frá kl. 11:00 til 12:00. Vegagerðin sér um mælaálestra á meðan.*

## kirkja

**Holtskirkja**
Kvöldhelgistund með léttum söngvum föstudaginn 5. júlí kl. 20:30.
**Þingeyrarkirkja:**
Kvöldhelgistund með léttum söngvum sunnudaginn 7. júlí kl. 20:30.

## netið

*Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?*
**Ásgeir S. Sigurðsson, húsvörður og nikkari á Ísafirði svarar:**



„Ég er ekki mjög vel versaður í internetfræðum, en þó eru nokkrir vefir sem ég skoða reglulega mér til gamans og fróðleiks. ***bb.is*** skoða ég reglulega til þess að fylgjast með því sem er á döfinni í bænum hverju sinni. Að sama skapi nota ég ***accordions.com*** til þess að fylgjast með nýjustu fregnum úr harmónikkuheiminum, en eins og flestir vita liggur aðaláhugasvið mitt þar. Í tengslum við sístækkandi harmónikkusafn mitt, sem opnar einmitt á komandi föstudag, fer ég svo oft á uppboðavefinn ***ebay.com***, en þar hef ég keypt nokkrar nikkur í safnið. Svo má ég til með að benda á ný opnaðan vef Harmónikufélags Vestfjarða, ***vestfirdir.is/harmonika***, en þar er meðal annars að finna dagskrá harmónikulandsmóts helgarinnar."

## fréttir

### Krafa of seint fram komin

Íslenska ríkið var sýknað af skaðabótakröfu konu sem fór fram á 1,2 milljónir í bætur vegna ökklabrots sem hún hlaut við hlaup á grasbala leiksvæðis árið 1989 er hún var starfsmaður vistheimilis á Ísafirði. Konan var ríkisstarfsmaður og krafðist bóta á grundvelli reglna um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna.

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk






## Súðavík

### Mikill áhugi fyrir starfi sveitarstjóra

Mikill áhugi mun vera fyrir starfi sveitarstjóra Súðavíkurhrepps að sögn Ingibjargar Óðinsdóttur hjá ráðningarþjónustunni Mannafli, sem annast ráðningarferlið fyrir hönd Súðavíkurhrepps. Starfið var auglýst laust til umsóknar fljótlega eftir sveitarstjórnarkosningar í síðasta mánuði.

„Það er mikið um að fólk hringi og spyrjist fyrir um stöðuna og nú þegar hafa þó nokkrar umsóknir borist um hana,“ segir Ingibjörg, „Yfirleitt berast flestar umsóknirnar þó á síðustu dögum umsóknarfrestsins, þannig að gera má ráð fyrir því að margir verði um hítuna þegar yfir lýkur.“

Umsóknarfrestur um starfið rann út á mánudag og því má búast við því að ráðið verði í starfið um miðjan mánuðinn.



*Þátttakendur í marhnútaveiðikeppni. Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.*

### Hátíðin Dýrafjarðardagar þóttist takast hið besta

# Vonir standa til að hátíðin verði endurtekin að ári

Hátíðin Dýrafjarðardagar var haldin á Þingeyri um helgina og tókst að sögn aðstandenda með miklum ágætum. Ekki var hægt að kvarta yfir veðri og mun sólin hafa verið dugleg við að hlýja víkingum og öðrum sem hátíðina sóttu. „Ég er mjög ánægð með hversu margir komu“, segir Ásta Guðríður Kristinsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Gestir voru margir úr nágrannabæjunum og ferðafólk tók þátt í hátíðarhöldunum með okkur.“

Nærri fjörutíu manns, þar af þrír víkingar, gengu með Þóri Erni Guðmundssyni um söguslóðir Gísla Súrssonar. Segja má að Þingeyri og Dýrafjörður allur hafi logað í óeirðum um helgina, því víkingar börðust af krafti alla hátíðina.

„Við erum ánægð með hátíðina og vonandi gerum við þetta aftur á næsta ári. Við látum fyrst þreytuna líða úr okkur og förum svo að spá í hvort leikurinn verður endurtekinn“, sagði Ásta Guðríður í samtali við blaðið.

### Laun bæjarfulltrúa Ísafjarðarbæjar hækka umtalsvert

# Launin færð nær því sem gerist í bæjum af svipaðri stærðargráðu

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ákvað á fundi í síðustu viku að hækka laun bæjarfulltrúa auk þess sem nýr ráðningarsamningur við Halldór Halldórsson, bæjarstjóra, var samþykktur, en í honum felst að mánaðarlaun Halldórs hækka um rúmar 260.000 krónur. Lengi hefur verið talið tímabært að bæta kjör bæjarstjóra og -fulltrúa. Á síðasta kjörtímabili voru laun Halldórs meðal lægstu bæjarstjóralauna landsins og sömuleiðis fengu bæjarfulltrúar lítið fyrir sinn snúð miðað við greiðslur í öðrum bæjarfélögum.

Stærsta breytingin á kjörum bæjarfulltrúa felst í því að nú fá þeir fasta mánaðargreiðslu upp á kr. 30.000 fyrir starf sitt ofan á greiðslur fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum á vegum bæjarins. Einnig hækka allar greiðslur fyrir fundarsetur nokkuð því að nú miðast þær við 100% af þingfararkaupi í stað 80% áður. Því fá starfandi bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ nú kr. 13.784 fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn og bæjarráði í stað 11.027 króna sem þeir höfðu á síðasta kjörtímabili. Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hækka úr kr. 22.054 í kr. 27.568 fyrir hvern setinn fund.

Að viðbættum föstum 30.000 króna mánaðargreiðslum sem tíðkuðust ekki á síðasta kjörtímabili má því gera ráð fyrir því að óbreyttir bæjarfulltrúar hafi samtals kr. 57.568 fyrir störf sín í bæjarstjórn miðað við að hún fundi tvisvar í mánuði. Sitji þeir að auki í bæjarráði, sem fundar að jafnaði fjórum sinnum í mánuði, hafa þeir alls kr. 112.704 mánaðarlega fyrir störf sín. Forseti bæjarstjórnar hefur þá kr. 85.136 á mánuði og formaður bæjarráðs kr. 167.840 sitji hann einnig fundi bæjarstjórnar.

Ofan á fundarsetulaunin geta bæst nefndarlaun, hafi bæjarfulltrúar sæti í einhverjum af nefndum bæjarins, en þau eru nú kr. 6.892 fyrir hvern setinn fund. Formenn nefnda hafa að jafnaði tvöfalt kaup venjulegra nefndarmanna fyrir fundarsetu.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, er eftir hækkunina með um 420 þúsund krónur í grunnlaun á mánuði. Ofan á þau reiknast svo 60 yfirvinnutímar mánaðarlega, en samtals gerir það 681.702 kr. sem Halldór hefur fyrir störf sín í þágu bæjarins. Þess ber að geta að Halldór hlýtur ekki hlunnindi í starfi á borð við niðurgreitt húsnæði líkt og tíðkast víða annars staðar.

„Við erum einfaldlega að færa launin nær því sem gerist í bæjum af svipaðri stærðargráðu annarsstaðar á landinu,“ segir Halldór, „Launahækkanir þessar voru löngu tímabærar því laun fyrir störf á vegum bæjarins hafa verið allt of lág á liðnu kjörtímabili, en þá lækkuðum við öll laun til þess að mæta samdrætti í tekjum Ísafjarðarbæjar og sýna gott fordæmi. Nú standa fjármálin hinsvegar ögn betur í kjölfar sölu á hlut bæjarins í Orkubúi Vestfjarða og lausn málefna félagslega íbúðakerfisins. Með því að hækka launin erum við að reyna að koma í veg fyrir að fólk sé að greiða með sér í þessi störf, því þau eru afar krefjandi og valda vinnutapi og öðrum kostnaði hjá bæjarfulltrúum.“










bb.is
– öflugur frétta- og upplýsingamiðill!